



**Ferðamálastofa**  
Icelandic Tourist Board

# RANNSÓKNARÁÆTLUN

## 2021-2023

Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu

**JANÚAR 2021**

## Efnisyfirlit

Bls.

Formáli .....	2
1. Inngangur .....	3
1.1 Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir .....	3
1.2 Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda .....	4
2. Rannsóknaráætlun: Nokkur meginsjónarmið.....	7
2.1 Hlutverk ferðaþjónustu .....	7
2.2 Viðfangsefni rannsókna.....	8
2.3 Rannsóknir fyrir hverja?.....	10
2.4 Fjármögnun - forgangsröðun .....	11
3. Verkefni 2021-2023 .....	13
3.1 Einstök verkefni: Lýsing .....	13
3.2 Verkefni í vinnslu: Yfirlit.....	32
3.3 Önnur verkefni.....	33
4. Framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna.....	35
4.1 Framkvæmd verkefna .....	36
4.2 Miðlun niðurstaðna.....	38
Tilvísanir .....	40
Viðaukar .....	42
Viðauki 1 - Reglugerð nr. 10/2020.....	42
Viðauki 2 - Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2020-2022 .....	46
Viðauki 3 - Fundargerðir ráðgefandi nefndar .....	55

## Formáli

Ferðamálastofa ýtir nú úr vör annarri þriggja ára rannsóknaráætlun sinni. Hún nær til árana 2021-2023 en áður var birt rannsóknaráætlun Ferðamálastofu fyrir 2020-2022, sem sjá má [hér](#) til samanburðar. Þessi vinna byggir á starfsskyldum Ferðamálastofu skv. reglugerð nr. 20/2020.

Ferðaþjónusta sem meginstoð í íslensku hagkerfi er ung atvinnugrein, hratt breytileg og háð umtalsverðum sveiflum, ekki síður en t.d. sjávarútvegur. Sjávarútvegurinn hefur verið hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi í meira en öld og mikil þekking til staðar um hann og samhengi hans við þjóðarbúið. Talsvert verk er hins vegar óunnið hvað varðar mikilvægar upplýsingar um ferðaþjónustuna og samspil hennar við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Umfangsmikil og áreiðanleg gögn eru grundvöllur fyrir skynsamlegri stefnumótun og árangursríkri stýringu jafnt hjá stjórnvöldum, sem skapa greininni ýmis rekstrarskilyrði, og fyrirtækjum í greininni. Ferðamálastofa er þessi misserin, í miðjum Covid-19 faraldri, að leggja grunninn að því að bæta úr brýnni þörf fyrir þessar upplýsingar og dýpri þekkingu á greininni, ekki síst hagræna og rekstrarlega þekkingu.

Fjárheimildir Ferðamálastofu til rannsókna eru óbreyttar að krónutölu milli árana 2020 og 2021. Þrátt fyrir það hyggst stofnunin ná fram aukningu í rannsóknarstarfsemi á milli ára. Kemur þar til bæði hagræðing í verkefnum og tæknileg framför við vinnslu þeirra. Í haust bauð Ferðamálastofa út þrjú verkefni sem öll snúast um betri stýringu og aukna arðsemi í ferðaþjónustunni og hagkerfinu í heild. Það var fagnaðarefni að fjórtán umsóknir bárust í verkefnin, öll frá hæfum aðilum. Ferðamálastofa hyggst gera meira af því að bjóða út ný verkefni í framtíðinni í ljósi þess mikla áhuga og rannsóknargetu sem fram kom í þessu máli. Jafnframt hyggst stofnunin halda áfram þeirri vinnu að brjóta þau rannsóknarverkefni sem hún stýrir meira niður á einstök svæði og landshluta, þannig að upplýsingarnar nýtist betur til staðbundinnar stýringar.

Reykjavík, 31. janúar 2021.

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Ferðamálastjóri

# 1. Inngangur

Eitt af lögbundnum hlutverkum Ferðamálastofu er að fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga á málefnasviði stofnunarinnar (Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018). Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020 (sjá viðauka 1) skal stofnunin „meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir og móta rannsóknaráætlun“ um fyrirhuguð rannsóknarverkefni.

Rannsóknaráætlun er samkvæmt skilgreiningu 3. gr. reglugerðar nr. 20/2020 „áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi“. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram að Ferðamálastofa skuli „móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda“. Verkefnum rannsóknaráætlunar Ferðamálastofu er því ætlað að styðja við þá mælikvarða sem felast í Jafnvægisási ferðamála og stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að verkefni rannsóknaráætlunarinnar styðji einnig við stefnumörkun og ákvarðanir fyrirtækja í ferðaþjónustu og bæti þannig rekstur í greininni. Við gerð rannsóknaráætlana skal Ferðamálastofa m.a. forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og gæta jafnvægis milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Þá skal hún meta umfang verkefna, hagnýtt gildi þeirra og áætla kostnað. Hún skal jafnframt stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.

## 1.1 Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Veigamikill þáttur í því að mæta ofangreindum sjónarmiðum við undirbúning og gerð rannsóknaráætlunarinnar er aðkoma svokallaðrar Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Með samsetningu nefndarinnar er leitast við að draga að vísindalega þekkingu, kunnáttu og sérfræði hagsmunaaðila í greininni. Samkvæmt sama reglugerðarákvæði ber samstarfsnefnd háskólastigsins að tilnefna tvo sérfræðinga í nefndina sem sinna rannsóknum og kennslu á sviði ferðamálafræði, en Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar, ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál, ráðherra sem fer með

ferðamál, og Ferðamálastofa tilnefna einn sérfræðing hvert. Fyrir tímabilið 2020-2022 skipa nefndina:

Dr. Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands – tilnefndur af Ferðamálastofu, formaður.

Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri og lektor við Háskólann á Hólum – tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands – tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á norðurlandi vestra – tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur SAF – tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar.

Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu ferðamála og nýsköpunar – tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu – tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Nefndin fundaði formlega fjórum sinnum auk samráðs utan funda með fjartengingum á tímabilinu ágúst-október 2020 og skilaði Ferðamálastofu ráðgjöf sinni vegna Rannsóknaráætlunar 2021-3 ásamt fundargerðum þann 6.11 sl. (sjá viðauka 2). Rannsóknaráætlunin sem hér er kynnt byggir m.a. á ráðgjöf nefndarinnar.

## 1.2 Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda

Fyrri útgáfa af þessari rannsóknaráætlun var birt á Samráðsgátt stjórnvalda, nánar tiltekið á tímabilinu 07.01-18.01.2021. Fjórar umsagnir bárust frá tveimur einstaklingum og tvennum samtökum (sjá nánar [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2873#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2873#advices)).

Umsagnir þessar voru í meginatriðum jákvæðar. Ekki komu fram andmæli við yfirstandandi verkefni, þ.e. verkefni 1 til 8. Þá taldi engin umsögn hin þrjú nýju verkefni misráðin, þ.e. verkefni 9 til 11. Sérstakur stuðningur kom fram við tvö af þessum þremur nýju verkefnum. Þannig lýstu tvær umsagnir af fjórum yfir sérstakri ánægju með verkefni nr. 11 - *Þjóðhagslíkan fyrir*

ferðaþjónustu og ein með verkefni nr. 9 - *Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu*. Þriðja nýja verkefnið, verkefni 10 - *Spár um umsvif í ferðaþjónustu*, var ekki nefnt sérstaklega í umsögnum að þessu sinni en hlaut eindreginn stuðning í umsögnum um rannsóknaráætlun 2020-22.

Umhugsunarverðar ábendingar um endurbætur komu fram í þessum umsögnum, bæði um einstök verkefni í rannsóknaráætluninni sjálfri og víðari umgjörð gagnaöflunar og rannsókna Ferðamálastofu.

### **Ábendingar um einstök verkefni**

1. Fram kom athugasemd við verkefni 1 - *Mælingar á fjölda erlendra ferðamanna*. Talið var nauðsynlegt að styrkja fræðilegan grundvöll þessara mælinga. M.a. þyrfti að átta sig vel á því hvað ferðamaður væri. Ýmsar brottfarir og komur væru ekki ferðamenn samkvæmt alþjóðlegum skýrgreiningum.
2. Auka megi skilvirkni í gagnsöfnun og rannsóknum með auknu samstarfi við aðrar opinberar stofnanir og fræðasamfélagið. Til að mynda mætti horfa til þess að fella saman verkefni 2 - *Landamæraökönun* og verkefni 5 - *Ferðavenjur á völdum þéttbýlisstöðum* og vinna í nánara samstarfi við markaðsstofur landshlutanna og sveitarfélög til að fá betri gögn flokkuð niður á landshluta. Það sama kann að gilda um verkefni 4 - *Ferðavenjur Íslendinga*. Þá kom fram í umsögn að í könnun á útgjöldum ferðamanna í verkefni 2 - *Landamæraökönun* þurfi að gæta að grundvallarreglum greiðslujafnaðar.

### **Almennar ábendingar**

1. Á það var bent að fjárveitingar til rannsókna á ferðaþjónustu væru ónógar og því rannsóknaráætlun Ferðamálastofu afar þröngur stakkur skorinn.
2. Afar mikilvægt var talið að öflun og framsetning gagna væri í samræmi við alþjóðlega staðla.
3. Mikilvægt var talið að endurskoða ákvæði 5. gr. reglugerðar (nr. 20/2020) um gagnaöflun og rannsóknir þar sem fram komi að Ferðamálastofa skuli móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda. Augljóst var talið að þetta þrengdi að möguleikum Ferðamálastofu til að fylgja alþjóðlegum stöðlum og reglum og horfa einnig til þarfa atvinnugreinarinnar sjálfar.

Með hliðsjón af þessum umsögnum hefur Ferðamálastofa gert nokkrar breytingar á rannsóknaráætluninni. Þar er veigamest að verkefni 1, 2, 4 og 5 eru löguð að þeim ábendingum sem fram komu. Að öðru leyti er ofangreindum ábendingum og athugasemdum vísað til Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir, sem mun innan skamms hefja vinnu sína að tillögum um rannsóknaráætlun fyrir árin 2022-24, sem og viðkomandi stjórnvalda.

Þá hyggst Ferðamálastofa bjóða umsagnaraðilum um þessa rannsóknaráætlun sem og rannsóknaráætlun 2020-22 til umræðufundar um rannsóknaráætlanir næstu ára með starfsmönnum stofnunarinnar og Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir.

## 2. Rannsóknaráætlun: Nokkur megin sjónarmið

Gagnaöflun og rannsóknur á vegum Ferðamálastofu er ætlað að "styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda" sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Í samræmi við þetta miðast þessi rannsóknaráætlun við að rannsóknir samkvæmt henni séu fræðilega vandaðar en jafnframt hagnýtar í þeim skilningi að þær auðveldi stjórnvöldum og aðilum í greininni að taka upplýstar ákvarðanir og stuðli þannig að því að ferðaþjónustan nái samfélagslegum markmiðum sínum.

Þessi rannsóknaráætlun byggir m.a. á fyrri úttektum og rannsóknum í ferðamálum sem fram hafa farið m.a. á vegum Stjórnstöðvar ferðamála á árunum 2015-2018 og rannsóknum á vegum Ferðamálastofu á árunum 2019-20. Rannsóknaráætlun sú sem hér er kynnt tekur mið af þessari fyrri vinnu en uppfyllir jafnframt ákvæði reglugerðar nr. 20/2020 um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála með því að leitast við að uppfylla þá stefnu og framtíðarsýn sem stjórnvöld hafa sett fram fyrir ferðaþjónustu og fram kemur m.a. í gildandi Ferðamálaáætlun 2011-2020 (Þingskjal 758, 2011), Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a; Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, 2019) og svokölluðum Jafnvægisás ferðamála (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hlynur Hallgrímsson o.fl., 2019). Um Jafnvægisás ferðamála var ýtarlega fjallað í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu fyrir árin 2020-22 og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

### 2.1 Hlutverk ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem tekur til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem vinna á sviði ferðamála. Samfélagslegt hlutverk atvinnuvega er að leggja sem mest af mörkum til hagsældar þeirra sem í landinu búa. Hvað ferðaþjónustu snertir má ætla að í þeirri hagsæld felist einkum:

1. Efnahagslegur ábati þjóðarinnar.
2. Verndun og sjálfbær nýting þeirra náttúrugæða sem ferðamennska notar.
3. Sem minnst neikvæð áhrif ferðamennsku á aðra atvinnuvegi og lífsgæði landsmanna.

Séu þessi atriði til staðar stuðlar það að því að fólkið í landinu sé sátt við ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Þetta á enn frekar við ef ábatinn af ferðamennsku dreifist víða um landið og meðal þjóðarinnar og hugsanleg neikvæð áhrif ferðaþjónustu einskorðast ekki við einstaka landshluta



og/eða félagshópa. Jafnframt ber að hafa hugfast að til þess að ferðamennska geti til frambúðar stuðlað að efnahagslegum ábata þjóðarinnar er nauðsynlegt að ferðamenn séu ánægðir með reynslu sína. Sé ekki svo, mun fljótlega draga úr spurn eftir ferðaþjónustu og ávinningurinn af henni minnka.

Ofangreind sjónarmið eru í samræmi við fyrirbyggjandi drög að opinberri stefnu í ferðaþjónustu. Í Vegvísi að ferðaþjónustu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Jákvæð upplifun ferðamanna
- Aukin arðsemi
- Jafnari dreifing ferðamanna (yfir landshluta og tíma)
- Jákvætt viðhorf til greinarinnar (landsmenn og starfsfólk)

Í framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskar ferðaþjónustu til 2030 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, 2019) eru svipuð markmið sett í öndvegi:

- Arðsemi
- Ávinningur (heimamanna)
- Einstök upplifun (ferðamanna)
- Umhverfisvernd

Ennfremur er þess að geta að í Jafnvægisási ferðamála (Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hallgrímsson o.fl., 2020) eru sjónarmið sjálfbærni og þolmarka ferðamennsku lögð til grundvallar. Þolmörk ferðamennsku hafa verið skilgreind sem: „sá hámarksfjöldi gesta sem áfangastaður ferðamanna getur tekið á móti samtímis án þess að náttúrulegt, hagrænt eða félags- og menningarlegt umhverfi verði fyrir skaða eða að óásættanleg skerðing verði á kjöraðstæðum og upplifun ferðamanna“ (sjá nánar Coccossis, Mexa, & Collovini, 2002).

## 2.2 Viðfangsefni rannsókna

Ofangreind markmið fyrir ferðaþjónustu skýrgreina í stórum dráttum þrjú meginsvið sem rannsóknir á vegum Ferðamálastofu beinast að en þau eru:

- I. Efnahagslegur ávinningur af ferðaþjónustu.
- II. Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði.
- III. Áhrif ferðaþjónustu á samfélagið.

Ekki síður er þýðingarmikið að draga saman gagnlegar upplýsingar um ferðaþjónustu (bæði meginlegar og eigindlegar), halda þeim til haga og gera þær aðgengilegar til frekari greiningar og annarra nota, m.a. við stefnumörkun. Þetta skýrgreininir fjórða meginsvið þessarar rannsóknaráætlunar:

- IV. Gerð og þróun öflugs gagnagrunns fyrir ferðaþjónustuna.

Á hverju þessara fjögurra sviða geta viðfangsefni rannsóknarverkefna m.a. verið:

- (i) Mælingar (á þýðingarmiklum þáttum).
- (ii) Greining (á orsaka-afleiðingasamhengi, tækifærum og ógnum).
- (iii) Skýrgreining leiða til endurbóta.
- (iv) Miðlun upplýsinga.

Ofangreind fjögur meginsvið og viðfangsefni skýrgreina 16 mismunandi flokka rannsóknarverkefna. Hjálplegt getur verið að lýsa þessari flokkun með töflu.

	Viðfangsefni verkefna			
Rannsóknarsvið	(i) Mælingar	(ii) Greining	(iii) Endurbætur	(iv) Miðlun
I. Efnahagslegur ávinningur				
II. Áhrif á umhverfisgæði				
III. Áhrif á samfélagið				
IV. Gagnagrunnur				

Rétt er að taka það skýrt fram að einstök rannsóknarverkefni geta náð yfir tvo eða fleiri flokka í töflunni. Þá er einnig rétt að fram komi að þessari flokkun er fremur ætlað að veita skýrt,

kerfisbundið yfirlit fremur en vera tæmandi. Því kunna að vera til gagnleg verkefni sem ekki falla auðveldlega að þeirri flokkun sem í töflunni er lýst.

### 2.3 Rannsóknir fyrir hverja?

Hagnýtar rannsóknir í ferðaþjónustu hljóta að miðast við uppbyggingu (e. structure) atvinnuvegarins og ekki síst helstu ákvarðanatöku eða gerendur í greininni. Helstu gerendur í ferðaþjónustu eru annars vegar fyrirtæki í ferðaþjónustu sem leitast við að selja þjónustu sína og hins vegar hið opinbera sem setur þessum fyrirtækjum rekstrarumgjörð og skapar þeim starfsskilyrði. Þessir aðilar taka þær ákvarðanir sem móta atvinnuvegin og hvernig honum tekst að nýta þá spurn eftir ferðaþjónustu sem fyrir hendi er.

#### 1. Fyrirtæki:

Í greininni er mikill fjöldi stórra og smárra fyrirtækja. Þau starfa á ýmsum sviðum. Þeirra á meðal má nefna: (i) samgöngur (milli landa og innanlands), (ii) gistingu og uppihald, (iii) rekstur og umsjón ferðamannaþáttar, (iv) sértæka ferðaþjónustu og skipulagðar ferðir. Fyrirtækin taka ákvarðanir um rekstur og fjárfestingar í fjármunum, mannauði og markaðsfærslu samræmi við þau skilyrði sem þau búa við og þá framtíðarsýn sem þau hafa.

#### 2. Hið opinbera:

Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, setur fyrirtækjum í ferðaþjónustu rekstrarumgjörð. Þessi opinbera rekstrarumgjörð er margþætt. Hluti af henni eru lög, reglur, leyfi, takmarkanir, staðlar (þ.á.m. gæðastaðlar), eftirlit og viðurlög, skattar og gjöld. Annar hluti er það sem nefna má opinbera innviði eins og (i) vegi, brýr, flugvelli, flugstöðvar og hafnir; (ii) löggæslu, upplýsinga- og öryggisþjónustu og (iii) heilbrigðisþjónustu við ferðamenn. Aðrir hlutar hinnar opinberu rekstrarumgjörðar ferðaþjónustunnar eru m.a. fjárhagsleg fyrirgreiðsla, lán og lánskjör, styrkir, menntun og þjálfun starfsfólks og tæknileg og sérfræðileg aðstoð.

Hagnýt rannsóknaverkefni í ferðaþjónustu hljóta að taka mið af þessari byggingu atvinnuvegarins. Þau eiga því að beinast að því annars vegar að finna leiðir til að (i) bæta ákvarðanatöku og rekstur

fyrirtækja í greininni og hins vegar að (ii) stuðla að bættri ákvarðanatöku stjórnvalda um opinbera rekstrarumgjörð ferðaþjónustunnar í landinu.

#### 2.4 Fjármögnun - forgangsröðun

Rannsóknarverkefni þau sem rakin eru í þessari rannsóknaráætlun eru hönnuð til að leggja fræðilegan og faglegan grunn að eflingu ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku atvinnulífi og styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda í ferðamálum. Rannsóknarverkefni þessi eru nokkuð viðamikil og að sama skapi kostnaðarsöm, enda af fjölmörgum gagnlegum verkefnum að taka eins og við má búast af atvinnustarfsemi sem hefur margfaldast að umfangi undanfarinn áratug og tekið að öðru leyti verulegum stakkaskiptum.

Eins og nánar er rakið í kafla 3.3 í þessari skýrslu er áætlaður kostnaður við verkefnið í rannsóknaráætluninni um 135 m.kr. á árinu 2021 og svipuð upphæð hvort áranna 2022 og 2023. Verði ný rannsóknarverkefni hafin á þessum síðari árum verða upphæðirnar þó auðvitað að sama skapi hærri. Rétt er að taka það skýrt fram að hér er um áætlun að ræða. Hún er sæmilega áreiðanleg fyrir þau verkefni sem þegar hefur verið samið um, en mun óvissari fyrir hin. Raunverulegur kostnaður við þessi rannsóknarverkefni liggur hins vegar ekki fyrir fyrir en þeim er lokið.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 20/2020 kemur fram að verkefnum í rannsóknaráætlun skuli forgangsraða „með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar“. Í þessari rannsóknaráætlun hefur þessi forgangsröðun þegar farið fram í þeirri mynd að í henni er ekki gert ráð fyrir nýjum verkefnum. Komi í ljós að fjárveitingar verði rýmri, hefur hin Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir sett fram allmargar hugmyndir að nýjum verkefnum sem vænleg þykja (sjá viðauka 2). Komi á hinn bóginn í ljós að fjárveitingar nægi ekki fyrir þeim verkefnum sem þegar hefur verið í ráðist, getur reynst nauðsynlegt að endurskoða framkvæmd þeirra. Þá þarf að forgangsraða og verður það þá gert með hliðsjón af væntanlegri gagnsemi verkefnanna. Þar kemur fyrst og fremst eftirfarandi til álita:

1. Hagnýtt gildi verkefnanna; þ.e. hvernig verkefni styðja annars vegar við þróun og eflingu ferðaþjónustunnar og hins vegar við stefnumótun og markmið stjórnvalda m.a. með tilliti til markmiða þeirra um sjálfbærni.

2. Kostnaðar-ábatahlutfall verkefnanna; þ.e. mat á kostnaði verkefnanna miðað við væntanlegt hagnýtt gildi þeirra.
3. Tengsl verkefnanna við Jafnvægisás ferðamála, þ.e. með hvaða hætti verkefni styðji við hina ýmsu mælikvarða Jafnvægisássins.

### 3. Verkefni 2021-2023

Í þessum kafla er fjallað um þau ellefu meginverkefni sem Ferðamálastofa er með í vinnslu í árslok 2020 og munu ná inn á tímabil rannsóknaráætlunar fyrir árin 2021-2023. Sem fyrr segir er ekki gert ráð fyrir að auglýst verði ný verkefni á árinu 2021.

Sum af þeim verkefnum sem eru í vinnslu eru ótímabundin í þeim skilningi að reiknað er með að þau séu hluti af reglulegri starfsemi Ferðamálastofu til frambúðar þó á þeim kunni að verða einhverjar breytingar. Þetta á ekki hvað síst við um öflun, varðveislu, greiningu og miðlun grundvallargagna. Önnur verkefni eru tímabundin og er ætlað að ljúka með tiltekinni afurð eða afurðum sem nýtast munu bæði í starfi Ferðamálastofu og til að ná samfélagslegum markmiðum ferðaþjónustunnar. Rétt er að taka fram að þótt verkefni séu talin ótímabundin í eftirfarandi lýsingum er inntak þeirra og framkvæmd háð stöðugri endurskoðun og bæði framkvæmdaaðilar og samningar við þá endurskoðaðir þegar núverandi samningar renna út.

Í eftirfarandi lýsingum á verkefnum kemur fram mat á tímalengd verkefnanna og kostnaði. Rétt er að taka skýrt fram að þótt þetta mat byggist á þegar gerðum verksamningum og tilboðum er hér um áætlun að ræða. Hver raunveruleg tímalengd verkefnanna og kostnaður við þau verður nákvæmlega fer eftir framgangi þeirra.

#### 3.1 Einstök verkefni: Lýsing

##### ***Verkefni 1 - Fjöldi ferðamanna***

Til að meta fjölda ferðamanna til landsins fer fram viðamikil þjóðernatalning við brottför á Keflavíkurflugvelli en um 98% allra ferðamanna til landsins koma í gegnum flugvöllinn. Við mat á fjölda ferðamanna um aðra flugvelli og með skipum er byggt á sölu- og farþegatölum. Er fátítt á meðal þjóða og dýrmætt fyrir greiningu og stefnumótun fyrir ferðaþjónustu og hagkerfið að geta með þessum hætti talið og flokkað erlenda farþega sem fara um gáttir landsins. Gera verður ráð fyrir frávikum í talningum á Keflavíkurflugvelli þar sem þær ná til allra brottfara, þ.m.t. erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis og sjálftengifarþega. Mikilvægt er að geta greint betur hlutfall þeirra í brottfarartalningum. Hafa komið fram ábendingar um það við drög að rannsóknaráætlun í

samráðsgátt stjórnvalda eins og lýst er framar. Er Ferðamálastofa að skoða leiðir sem kunna að vera færar í því efni.

a) **Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli**

Frá árinu 2002 hefur Ferðamálastofa safnað tölulegum upplýsingum um fjölda erlendra og innlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðerni og birt reglulega sem eina af lykildreytunum í tölfræði atvinnugreinarinnar. Hefur hún öðlast gildi sem slík. Fyrirkomulag þessarar talningar breyttist í október 2019 í úrtaksaðferð í stað talningar á þýði. Tekið er 14-16% úrtak af heildarfjölda en ISAVIA gefur upp heildarfjölda brottfararfarþega.

b) **Brottfarir frá Reykjavíkurflugvelli:**

Ferðamálastofa fær upplýsingar frá Air Iceland Connect.

(c) **Brottfarir frá Akureyrarflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA.

c) **Brottfarir frá Egilsstaðaflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA.

d) **Fjöldi ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði:**

Ferðamálastofa fær gögn frá Smyril Line og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

e) **Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum**

Ferðamálastofa fær gögn frá Cruise Iceland og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

**Tímarammi:** Ótímabundið

**Afurðir:** Tölugögn um fjölda ferðamanna eftir helstu víddum (staður, þjóðerni o.s.frv.) til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu.

**Hagnýtt gildi:** Grunnöggn til að meta umfang og spurn eftir þjónustu við ferðamenn. Hagsmunaaðilar og stórnotendur hagtalna um ferðaþjónustu telja brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkurflugvelli vera einn áreiðanlegasta mælikvarðann sem völ er á um vöxt ferðaþjónustunnar. Kostir mælikvarðans umfram aðra mælikvarða (t.d. gistinótt) er að niðurstöður eru birtar fljótt og hann hefur reynst nákvæmari en aðrir mælikvarðar. Af þeim sökum er hann t.d. notaður í skammtímaspálíkani Seðlabankans um þjónustuútlutning – og við gerð ársfjórðungslegrar þjóðhagsspár sem liggur til grundvallar vaxtaákvörðun Peningastefnunefndar.

Hjá Hagstofu Íslands eru brottfarartalningar grundvallarbreyta í greiningum sem skapa mynd af efnahagsstarfsemi í þjóðarbúskapnum. Á fyrirtækjasviði Hagstofu Íslands er fjöldi brottfararfarþega nýttur sem grunnur fyrir mat á skilgreindum skammtímahagvísum fyrir atvinnugreinina. Tölurnar eru jafnframt notaðar við kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði og öðrum greinum vísindasamfélagsins. Þær eru grundvallarbreyta í allri greiningu á íslenskri ferðaþjónustu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Óbein. Brottfarartalning á Keflavíkurflugvelli er notuð við vigtun gagna sem safnast í ýmsum rannsóknum. Hér má nefna landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands sem aftar gagna fyrir sjö mælikvarða Jafnvægisáss ferðamála (sjá verkefni 2).

**Miðlun:** Tölur eru birtar hjá Ferðamálastofu í Mælaborði ferðaþjónustunnar og í mánaðarlegri og árlegri útgáfu um fjölda ferðamanna. Gögnin er unnt að afrita af Mælaborði ferðaþjónustunnar til frekari vinnslu og greiningar.

**Kostnaður<sup>1</sup>:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 9 m.kr.

**Viðbætur – ný undirverkefni:**

1. Mat á fjölda sjálfstengifarþega á Keflavíkurflugvelli
2. Brjóta flokkinn „Annað“ niður í markaðssvæði
3. Kannaðar verða nútímalegri leiðir við að safna upplýsingum um þjóðerni erlendra ferðamanna.

**Verkefni 2 - Landamærakönnun: Lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna**

Ferðamálastofa hefur staðið fyrir könnun meðal erlendra ferðamanna frá því í júní árið 2017 í samstarfi við Hagstofu Íslands. Gögnum er safnað allt árið um kring og er markmiðið að afla tölfraðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd af lýðfræði, atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna. Verkefnið byggir á fyrri könnunum sem Ferðamálastofa hefur gert meðal erlendra ferðamanna.

Könnunin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða flugvallakönnun sem er framkvæmd á Keflavíkurflugvelli en þar er m.a. spurt um bakgrunn svarenda, tilgang ferðar, dvalarlengd í hverjum landshluta, gistimáta, útgjöld og ánægju með Íslandsferðina. Hins vegar er netkönnun sem

---

<sup>1</sup> Kostnaður umfram vinnu Ferðamálastofu.



nær til svarenda sem hafa gefið samþykki fyrir frekari þátttöku en þar er spurt nánar út í Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, ferðahegðun og viðhorf til ýmissa þátta ferðaþjónustunnar.

Í ljósi ábendingar umsagnaraðila mun Ferðamálastofa skoða hvort vænlegt sé að að fella að einhverju leyti saman núverandi verkefni 2 - *Landamæraökönun*, verkefni 4 – *Ferðavenjur Íslendinga* og verkefni 5 – *Ferðavenjur á völdum þéttbýlisstöðum*. Í fyrstu rannsóknaráætlun Ferðamálastofu í fyrra, fyrir árin 2020-2022, var mótuð sú stefna að greina og birta upplýsingar í auknum mæli niður á landshluta eða áfangastaði og áætlað er að halda áfram á þeirri braut skv. þeirri rannsóknaráætlun fyrir árin 2021-2023 sem hér er lögð fram. Þá verður þess gætt að könnun á útgjöldum ferðamanna í Landamæraökönun verði í takti við grundvallaratriði greiðslujafnaðar.

Ferðamálastofa hyggst taka fyrirkomulag landamæraökönunar til sérstakrar skoðunar, ekki síst í ljósi þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn kann að hafa á bestu framkvæmd hennar í bráð og lengd. Landamæraökönun er eitt stærsta og mikilvægasta verkefni stofnunarinnar og brýnt að það fáiist sem mest út úr því.

#### **Tímarammi verkefnis:** Ótímabundið

**Afurðir:** Gögn um atferli ferðamanna, upplifun, viðhorf og útgjöld þeirra til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu og birtingar í Mælaborði ferðaþjónustunnar.

**Hagnýtt gildi:** Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn eftir ferðaþjónustu á Íslandi, væntingum til Íslands sem áfangastaðar, ánægju ferðamanna með upplifun sína og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og eyðslu þeirra hér á landi. Gögn úr landamæraökönun nýtast Hagstofu Íslands við þjóðhagsreikningagerð, mat á fjölda óskráðra gistinóttu, gerð ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Accounts) og greiningu á útflutningstekjum. Jafnframt munu gögnin undirbyggja greiningu Ferðamálastofu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða sem tengjast upplifun ferðamanna (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a) sem stofnunin hyggst vinna árlega.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Gagnaöflun fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum: Meðmælaskor (D.3.1); Líkur á endurkomu (D.3.2); Var ferðin peningana virði (D.3.3); Ánægja með fjölda annarra ferðamanna (D.3.4); Eru væntingar ferðamanna uppfylltar (D.3.5);

Náttúruvernd; viðhorf erlendra ferðamanna gagnvart náttúruvernd á Íslandi (B.6.4); Upplifun á náttúru; viðhorf erlendra ferðamanna til gæðaupplifunar í náttúrutengdri afþreyingu (B.6.5).

**Miðlun:** Á vegum Ferðamálastofu eru helstu niðurstöður birtar og uppfærðar mánaðarlega í *Mælaborði ferðapjónustunnar*. Útgáfan *Ferðapjónusta í tölum* (ISSN 2672-6394) birtir einnig uppfærðar niðurstöður um tilgang Íslandsferðar og dvalarlengd, meðmælaskor (e. Net Promoter Score), heimsótt landsvæði og upplifun erlendra ferðamanna (2-3 bls. mánaðarleg (prentvæn) samantekt). Útgefnar skýrslur með úrvinnslu og samantekt á upplifun og ferðahegðun erlendra ferðamanna fyrir árin 2018 og 2019 (Oddný Þóra Ólafsdóttir, 2018-2019) auk smærri samantekta um einstaka markaði eru aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu en niðurstöður voru kynntar á opnum fyrirlestri (Ferðamálastofa, 2019). Þá er stefnt að greiningu og birtingu á útgjöldum ferðamanna ársfjórðungslega og að birta heildarniðurstöður úr landamærakönnun fyrir hvert almanaksár í apríl/maí árið eftir. Auk þessa er gert ráð fyrir árlegri útgáfu á sértækum samantektum úr þessum gagnagrunni bæði meginlegum og eigindlegum sbr. greiningu Ferðamálastofu haustið 2019 og 2020: „Hvernig má bæta upplifun erlendra ferðamanna á Íslandi? Greining á niðurstöðum landamærakönnunar“ (Margrét Wendt, 2019, Elva Dögg Pálsdóttir, 2020), þar sem niðurstöður voru túlkaðar á grunni markmiða stjórnvalda um að upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar; (2) að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta; og (3) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðapjónustu.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 40 m.kr.

#### **Viðbætur – ný undirverkefni**

1. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika landamærakönnunar.
2. Vandaðri sundurliðun upplýsinga eftir landshlutum og frekari upplýsingar um ferðir og upplifun eftir landshlutum.
3. Árleg greining á stöðu íslenskrar ferðapjónustu á grunni opinberrar stefnu og markmiða fyrir atvinnugreinina.
4. Verðmæti ferðamanna; hvaða/hvers konar ferðamenn skila mestum verðmætum, hvar og hverjum. Tengja niðurstöður við önnur fyrirliggjandi gögn.

### ***Verkefni 3 - Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu***

Meginmarkmið verkefnisins er að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á landsvísu og eftir einstökum landshlutum. Verkefnið var upphaflega unnið á vegum Ferðamálastofu 2014 og hefur verið þáttur í reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Könnunin er liður í mótun tímalínu gagna um viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Jafnframt tekur hún mið af þeim opinberu markmiðum að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið og auki lífsgæði. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlisstöðum. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðamála sem gerir ráð fyrir að verkefnið sé framkvæmt á landsvísu ár hvert.

**Tímarammi verkefnis:** Ótímabundið. Framkvæmt á þriggja ára fresti. Til að þjóna betur Jafnvægisási ferðamála er mælt með að verkefnið sé unnið oftar.

**Afurðir:** Gögn um viðhorf heimamanna til ferðafólks og ferðaþjónustu til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Samantektarskýrslur fyrir landið og hvern landshluta. Samanburður gerður á viðhorfum heimamanna milli ára og landshluta.

**Hagnýtt gildi:** Mikilvæg gögn til að greina samfélagsleg áhrif íslenskrar ferðaþjónustu. Jafnframt skal samkvæmt *Vegvísi í ferðaþjónustu* (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) mæla árlega hlutfall starfsmanna í ferðaþjónustu sem hefur „jákvæð viðhorf til atvinnugreinarinnar“ og birta niðurstöður í Mælaborði ferðaþjónustuna. Gögnin munu einnig nýtast við fyrirhugað stöðumat Ferðamálastofu á íslenskri ferðaþjónustu á grunni hinnar opinberu stefnu (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a).

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Gögn fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum Jafnvægisáss ferðamála: Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1); Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2); Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsóttu staði (D.4.2); Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðaþjónustu (D.4.3); Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferðaþjónustunnar (D.4.4); Ástand gönguleiða; viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í sinni heimabyggð (B.6.6.1); Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru; viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru (B.6.6.2); Aukinn aðgangur að náttúru; viðhorf Íslendinga til aukins aðgengi að náttúru vegna áhrifa ferðamanna (B.6.6.3).

**Miðlun:** Helstu niðurstöður eru birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar* á vef Ferðamálastofu. Helstu niðurstöður kynntar af rannsóknaraðila í opinni kynningu sem streymt er beint á samfélagsmiðlum. Skýrslur eru kynntar og gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 14 m.kr.

### **Viðbætur – ný undirverkefni**

1. Könnunin færð á rannsóknastig til að auka hagnýtt gildi verkefnisins. Verkefnið verður tengt við vísindalega umræðu og opinber markmið stjórnvalda þar sem metið verður hvort: (1) ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og auki lífsgæði heimamanna og (2) allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu. Jafnframt verður viðhorf starfsmanna í ferðaþjónustu til atvinnugreinarinnar metið sérstaklega.
2. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Athuga þörf fyrir endurbætur á úrtaki til að auka áreiðanleika.
3. Stöðumat: Niðurstöður úr verkefninu verða nýttar í árlegt heildarstöðumat á íslenskri ferðaþjónustu og eftir landshlutum í ljósi opinberra markmiða fyrir atvinnugreinina til ársins 2030.

### **Verkefni 4 – Könnun á ferðahegðun Íslendinga**

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma kannanir í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og erlendis á nýliðnu ári. Spurt er t.d. um hvort og hvert er ferðast, hversu oft og í hvaða tilgangi. Frá 2018 hefur einnig verið spurt um útivist landsmanna, tegund og tíðni. Nýjasta viðbótin er söfnun upplýsinga um áætluð útgjöld í viðbótarkönnun sem framkvæmd var í apríl s.l. vegna COVID-19. Fyrirhugað er að skoða ferðahegðun innanlands eftir landshlutum og etv. samþætta verkefnið öðrum verkefnum í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu (sjá nánar í umfjöllun um verkefni 2 – *Landamærakönnun* hér að framan).

**Tímarammi verkefnis:** Ótímabundið. Framkvæmt í fyrri hluta janúar ár hvert.

**Afurðir:** Gögn um ferðahegðun Íslendinga innanlands til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef.

**Hagnýtt gildi:** Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn landsmanna eftir ferðaþjónustu hérlendis og erlendis og eftir landshlutum innanlands og viðhorfum þeirra til landsins sem ferðamannalands; þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og ferðaútgjöldum Íslendinga hér á landi. Þessi gögn gætu m.a. nýst við gerð ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands, mati á tækifærum í innlendri ferðaþjónustu eftir landshlutum, gerð spákerfa um þróun ferðaþjónustunnar o.s.frv. Upplýsingarnar nýtast einnig við greiningu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Voru ekki skilgreind við mótun hans en þetta verkefni snertir álag á ferðamannastaði og nærsamfélög.

**Miðlun:** Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef-Tableau.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 3,5 m.kr.

#### **Viðbætur – ný undirverkefni**

1. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Meta þörf fyrir útgjaldaspurningar. Bæta gagnasöfnun og greiningu þannig að verkefnið gefi réttari og fyllri mynd og þjóni stöðumati Ferðamálastofu á markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina sem tengjast dreifingu ferðamanna og upplifun þeirra.
2. Söfnun frekari gagna um ferðahegðun eftir landshlutum og hvað einkum ráði staðarvali ferðamanna.

#### ***Verkefni 5 - Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum***

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er m.a. um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld pr. dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega frá 2013-2019. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn). Fyrirhugað er að skoða að samþætta könnunina öðrum verkefnum í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu (sjá nánar í umfjöllun um verkefni 2 – *Landamærakönnun* hér að framan). Að neðan má sjá á mynd yfirlit Rannsóknamiðastöðvar ferðamála um þá staði þar sem könnunin hefur farið fram til þessa og hvaða ár þeir urðu fyrir valinu.



Yfirlit um þá staði þar sem verkefni 5 - *Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum* hefur farið fram og hvaða ár þeir urðu fyrir valinu.

**Tímarammi verkefnis:** Ótímabundið. Umræddir þéttbýlisstaðir eru hins vegar allmargir og ekki hefur verið skilgreint hvernig þeir skulu valdir eða hversu oft á að framkvæma könnunina á hverjum stað.

**Afurðir:** Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Stuttar samantektir (ekki hefðbundnar skýrslur) með niðurstöðum könnunar á hverju svæði fyrir sig.

**Hagnýtt gildi:** Verkefnið tengist markmiðum stjórnvalda (2015-2020) um að safna tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015). Niðurstöður nýtast fyrst og fremst viðkomandi bæjarfélögum.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Voru ekki skilgreind við mótun hans en þetta verkefni felur í sér vísbendingar um álag á ferðamannastaði og nærsamfélög.

**Miðlun:** Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Niðurstöður kynntar opinberlega og samantektir gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 12 m.kr.


## **Viðbætur – ný undirverkefni**

Verkefnið fært á rannsóknastig, gert ýtarlegra og markvissara og hagnýtt gildi þess aukið með tengingu við Jafnvægisás ferðamála og stefnu stjórnvalda. Markmið verkefnisins verður að afla nauðsynlegra upplýsinga og greina hvað einkennir ferðamennsku íslenskra og erlendra ferðamanna (bakgrunnur, aðdráttarafl staðar, fjöldi, dreifing, ferðahegðun og upplifun ferðamanna) á ferðamannastöðum í þéttbýli, í dreifbýli eða í náttúru. Með þessum endurbótum verður einnig hægt að beina verkefninu á þá staði sem brýnast er að afla þekkingar á hvað þetta varðar, t.d. þá sem kalla á álagmat vegna ágangs ferðamanna og þurfa tafarlaust á uppbyggingu og/eða álagstýringu að halda. Stefnt er að því að vinna verkefnið á fjórum áfangastöðum á ári hverju. Verkefnið í þessari mynd hefur að markmiði að stuðla að verndun á (staðbundnu) aðdráttarafli og auðlind íslenskrar ferðaþjónustu og þjóna eftirfarandi markmiðum stjórnvalda: (1) Að upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar; (2) að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta; (3) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðaþjónustu; (4) að jafnvægi sé á milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því; (5) að virðing sé borin fyrir þolmörkum og álagstýring sé á áfangastöðum ferðamanna og (6) jafna dreifingu ferðamanna um landið. Jafnframt getur verkefnið uppfyllt yfirlýstar þarfir Jafnvægisáss ferðamála með söfnun marktækari gagna á náttúrustöðum fyrir mælikvarðana: Náttúruvernd (B.6.4) og Upplifun á náttúru (B.6.5). Auk þess mun verkefnið í þessari mynd geta nýst þvert á stofnanir ríkisins t.d. með því að afla upplýsinga sem geta stutt við álagmat Umhverfisstofnunar á náttúruverndarstöðum sem eingöngu vaktar umhverfi, stjórnun og skipulag (sjá verkefni 12).

### ***Verkefni 6 - Dreifing ferðamanna***

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Verkefnið tók stakkaskiptum á síðasta ári. Á haustmánuðum fóru Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun í það verkefni að fjölga verulega sjálfvirkum, nettengdum teljurum víða um land, sem skila gögnum næstum því í rauntíma. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur síðan styrkt verkefnið svo hægt væri að fylgjast með fjöldanum á mikilvægum áfangastöðum. Tilgangur og markmið verkefnis er enn það sama og áður, þegar notast var við frumstæðari mæla sem lesa þurfti af handvirkt á staðnum, töldu einungis fjölda bifreiða og ekki lágu fyrir upplýsingar úr fyrr en löngu síðar. Það er, að nota talningarnar til að meta fjölda ferðamanna á viðkomandi talningarsvæðum; þar með ferðir þeirra um landið og álag á staðina og innviði landsins.

Í lok janúar 2021 hafa Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun ákveðið staðsetningu 28 mæla á 24 stöðum vítt og breitt um landið. Á myndinni að neðan má sjá yfirlit um staðsetningu þeirra.



Nöfn og staðsetning þeirra 24 sjálfvirku, nettengdu teljara sem settir hafa verið eða ákveðið hefur verið að setja upp víða um land til þess að fylgjast í rauntíma með álagi og umferð

**Tímarammi verkefnis:** Ótímabundið.

**Afurðir:** Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*.

**Hagnýtt gildi:** Verkefnið nýtist fyrst og fremst við vöktun á umferð og álagi á viðkomandi talningarstöðum.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Voru ekki skilgreind við mótun hans, en snerta álagsmat á öllum víddum hans.

**Miðlun:** Yfirfarin gögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Niðurstöður talningar eru birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 3 m.kr.



## **Viðbætur – ný undirverkefni**

Verkefnið verður endurbætt svo að það byggji á gögnum sem þegar er aflað hjá hinu opinbera og geti greint betur umferð í hverjum landshluta. Þekking á umferð og dreifingu ferðamanna um landið er nauðsynlegur þáttur í greiningu á stöðu flest allra markmiða stjórnvalda fyrir atvinnugreinina. Fyrirhugaðar endurbætur fela í sér gerð reiknilíkans sem getur metið umferð ferðamanna í hverjum landshluta fyrir sig og nýtir til þess öll tiltæk opinber gögn sem gefa vísbendingar um umferð ferðamanna í tíma og rúmi, s.s. farþegatalning (Ferðamálastofa), gistinætur (Hagstofa Íslands) og gögn um dvalarlengd og staðsetningu (sjá verkefni 2), talning á vegum (Vegagerðin), talning í þjóðgörðum og náttúruverndarstöðum (Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið). Jafnframt verður skoðað hvort hægt sé að nýta gögn frá símafélögum.

### ***Verkefni 7 - Greining á fjárhag og rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu***

Fyrir stefnumörkun og mikilvægar ákvarðanir í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar um fjárhag og afkomu í greininni. Þetta á við almennt en er sérstaklega brýnt þegar ferðaþjónustan verður fyrir áföllum sem raska jafnvægi í greininni og ógna afkomu fyrirtækja í henni. Slíkar áföll geta átt ýmsar orsakir. Ein þeirra er yfirstandandi heimsfaraldur sem kenndur er við Covid-19 en margar aðrar geta valdið áföllum, þ.á.m. náttúrhamfarir, efnahagsþrengingar, stórfelldar gengisbreytingar ofl. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að meta eðli og umfang vandans, í heild og eftir undirgreinum ferðaþjónustunnar, og hvaða leiðir séu vænlegastar til að koma í veg fyrir alvarlegt tjón á atvinnuveginum til skemmri og lengri tíma. Slíkt mat getur aðeins átt sér stað á grundvelli áreiðanlegra og tímanlegra upplýsinga um rekstrarafkomu og efnahag í atvinnuveginum sundurliðað á undurgreinar hans og helst eftir landshlutum.

Ferðamálastofa hefur haft frumkvæði að og stýrt vinnu við greiningu á áhrifum Covid-19 faraldursins á íslenska ferðaþjónustu, viðbrögðum stjórnvalda og greinarinnar við honum og vænlegustu aðgerðum til þess að styðja við greinina í gegnum áfallið. Tilgangurinn er að gera henni kleift að viðhalda framleiðslugetu til að taka sómasamlega við ferðamönnum á nýjan leik, þegar faraldurinn er hjá genginn. Ferðamálastofa hefur að mestu unnið þessa vinnu í samstarfi við KPMG og Stjórnstöð ferðamála, annars vegar í fyrstu bylgju faraldursins í vor og hins vegar í haust, þegar ljóst var að opnun landamæra í sumar hafði ekki tekist áfallalaust og að pestin ylli

ferðaþjónustufyrirtækjum bú sífjum lengur en vonir stóðu til í vor. Má orða það svo að í vinnunni í vor hafi áherslan legið á þeim bráða greiðsluvanda sem ferðaþjónustufyrirtækin stóðu frammi fyrir en í haust hafi bæst við fókus á þann ósjálfbæra skuldabagga greinarinnar sem langvinnt tekjufall hefur í för með sér og þarf að vinna úr ef greinin á að geta haldið framleiðslugetu sinni og nýtt tækifærin fyrir þjóðarbúið þegar ferðamenn streyma til landsins að nýju. Þekkinguna sem út úr þessari greiningarvinnu kom nýtti Ferðamálastofa m.a. til að veita stjórnvöldum upplýsingar og ráðgjöf um stöðu, horfur og bestu aðgerðir. Einnig voru þrjár skýrslur um árangurinn af þessari vinnu birtar opinberlega á árinu; um fjárhagsstöðu ferðaþjónustufyrirtækja eftir helstu undirgreinum í samhengi við stuðningsaðgerðir stjórnvalda miðað við árslok 2018 og miðað við fjárhagsstöðu þeirra í árslok 2019, þegar þær upplýsingar lágu fyrir. Einnig fékk Ferðamálastofa Gallup til þess að gera könnun á stöðu og horfum í rekstri á meðal ferðaþjónustufyrirtækja haustið 2020.

Ferðamálastofa hélt opinberan fyrirlestur hjá Ferðaklasanum og á netinu í byrjun þessa árs, þar sem greining stofnunarinnar á þróun arðsemi og fjárhags helstu undirgreina ferðaþjónustunnar síðustu ár, til ársloka 2018, var kynnt og farið yfir fyrirbyggjandi vísbendingar um hvernig árið 2019 hefði komið út rekstrarlega.

Ferðamálastofa hefur keypt upplýsingar um ársreikninga einstakra ferðaþjónustufyrirtækja fyrir árin 2015-2019 af Lánstrausti. Úr þeim upplýsingum hefur stofnunin á þessu ári byggt upp ítarlegan gagnagrunn um rekstur og efnahag ferðaþjónustufyrirtækja sem greina má niður á undirgreinar, landsvæði og einstök fyrirtæki. Samantektir og kennitölur hefur stofnunin svo unnið og sett fram í mælaborði ferðaþjónustunnar til glöggvunar og til að gefa notendum yfirsýn um greinarnar. Framhald er fyrirhugað á uppbyggingu þessa þekkingargrunns og birtingu hans á vefsíðum Ferðamálastofu og mælaborðsins. Þegar tölur ársreikninga fyrir árið 2020 verða aðgengilegar haustið 2021 mun Ferðamálastofa kaupa þær af Lánstrausti og bæta í þá tímaseríu sem þegar er búið að búa til fyrir árin 2015-2019.

Ferðamálastofa mun sjá til þess að reglulegt framhald verði á greiningarvinnu og birtingu upplýsinga um rekstur, fjárhag og starfsskilyrði ferðaþjónustu sem meginatvinnuvegar, bæði á eigin vegum og í samstarfi við aðra fagaðila, á tíma þessarar rannsóknaráætlunar.

**Tímarammi verkefnis: Ótímabundið**

**Hagnýtt gildi:** Varpar ljósi á stöðu og þróun atvinnuvegarins í heild og einstakra greina innan hans. Getur þjónað greiningu sem tengist efnahagslegum markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina, s.s. hvað varðar bestu viðbrögð við áföllum, aukna framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. Einnig nýtist greining sem þessi einstökum ferðaþjónustufyrirtækjum og samtökum þeirra við stefnumótun og mikilvægar ákvarðanir.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Þetta verkefni varpar ljósi á efnahagslegar víddir Jafnvægisássins.

**Miðlun:** Helstu niðurstöður að jafnaði kynntar í opnum fyrirlestrum og skýrslum sem eru öllum aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Samantektarupplýsingar og helstu kennitölur rekstrar og fjárhags sýndar í mælaborði ferðaþjónustunnar með gagnvirkum hætti fyrir notandann. Opinber gagnagrunnur gegnum mælaborðið með rekstrar- og fjárhagsupplýsingum einstakra fyrirtækja í ferðaþjónustu frá og með árinu 2015 sem notandi getur hlaðið niður í Excel skjal hjá sér til eigin greiningar og vinnslu.

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 6 m.kr.

**Viðbætur - ný undirverkefni:**

Greiningar til að bregðast við áhrifum COVID-19 á íslenska ferðaþjónustu:

1. Greining á rekstrar- og fjárhagsáhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á fyrirtæki í ferðaþjónustu og aðgerðum stjórnvalda undir heitinu „Viðspyrna fyrir Ísland“. Greiningin var byggð á tveimur dæmum sem sett voru upp til að líkja sem best eftir rekstri og rekstraráskorunum ferðaþjónustufyrirtækja við þessar aðstæður. Hér var byggt á ársreikningum nokkurra fyrirtækja í ferðaþjónustu fyrir árið 2018 auk ýmissa opinberra gagna, m.a. frá Seðlabanka Íslands um stöðu og skuldsetningu ferðaþjónustufyrirtækja.
2. Greining á fjárhagstölum ferðaþjónustufyrirtækja til að gera stjórnvöldum á Íslandi kleift að greina betur hvernig fjárhagsleg úrræði sem þegar hafa komið fram vegna COVID-19 heimsfaraldursins eru líkleg til að hafa nýst félögum í ferðaþjónustu á Íslandi. Niðurstöður eiga líka að geta aðstoðað við að greina hvernig möguleg ný úrræði nýtast einstaka greinum og hve stórt hlutfall félaga ætti að geta nýtt úrræðin miðað við skilyrði sem sett eru fyrir nýtingu einstaka úrræða.

## **Verkefni 8 – Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar**

Skynsamleg stefnumörkun í ferðaþjónustu byggist að hluta á sem bestum gögnum um atvinnuvegin og tækifærum hans. Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfraeðisviði hefur verið varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá í *Vefsja* um landupplýsingar sem Ferðamálastofa hefur safnað um auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu og á *Mælaborði ferðaþjónustunnar* og undirliggjandi gagnasafni. Rétt er að fram komi að hluti af þessu verkefni eru kaup á gagnagrunnum (AirDNA; Benchmarking Alliance; OTA insight og Creditinfo). Þróun, efling og viðhald þessa gagnagrunns er frambúðarverkefni og reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu.

### **Tímarammi verkefnis: Ótímabundið**

**Hagnýtt gildi:** Grunnöggn um ferðaþjónustu. Nauðsynleg fyrir skynsamlega stefnumörkun, áætlanagerð, vörubrúun og stýringu. Verkefnið tengist markmiðum stjórnvalda (2015-2020) um að safna tímalegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningar í greininni.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Óbein. Aflar frekari upplýsinga fyrir álagsmat.

**Miðlun:** Þessum gögnum verður komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og eftir atvikum Mælaborði ferðaþjónustunnar

**Kostnaður:** Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 15,1 m.kr. Þar af er kostnaður við kaup á afleiddum gögnum 4,1 m.kr.

### **Viðbætur – ný undirverkefni**

Á yfirstandandi rannsóknartímabili er fyrirhugað að leggja áherslu á eftirfarandi endurbætur: Vefsja Ferðamálastofu verði þróuð áfram með birtingu gagna tengd ferðaþjónustu með landfræðilega tilvísun; s.s. um mögulega viðkomustaði ferðamanna, gönguleiðir, tölfraeði og önnur gögn sem Ferðamálastofa ræður yfir eða getur haft aðgang að.

## **Verkefni 9 - Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu. Hvernig á að mæta áföllum? Hvernig er unnt að efla þrautseigju í greininni?**

Hér er um að ræða 1. áfangann af þremur í þessu rannsóknarverkefni. Markmið hans er að kanna áhrif COVID-19 faraldursins á íslenska ferðaþjónustu. Skoðuð verða viðbrögð fyrirtækja í

greininni og hins opinbera við því ástandi sem COVID-19 skapaði og hvernig fyrirtækin hafa aðlagast breyttum aðstæðum. Jafnframt verður rýnt í með hvaða hætti mismunandi aðgerðir stjórnvalda hafa nýst og/eða skaðað fyrirtæki í greininni. Í því sambandi er sérstaklega horft til þess hvaða þættir innan fyrirtækjanna og í starfsumhverfi þeirra eru líklegir til að efla þrautseigju greinarinnar þegar áföll ríða yfir.

Rannsóknin skiptist í tvo meginverkhliða. Annars vegar er um að ræða ítarlega kortlagningu á atburðarásinni frá því að COVID-19 faraldurinn fór að hafa áhrif hér á landi og erlendis með tilheyrandi hrúni í ferðaþjónustu. Hins vegar er greining og mat á þeim bjargráðum sem gripið hefur verið til bæði af hálfu hins opinbera og fyrirtækjanna sjálfra. Með rannsóknarverkefninu er nánar tiltekið stefnt að eftirfarandi:

- Kortlagning og mat á því hvaða aðgerðir hins opinbera til stuðnings ferðaþjónustu hafi reynst vel og hverjar miður.
- Lýsa viðbrögðum ólíkra ferðaþjónustufyrirtækja við COVID-19 og rýna í mat stjórnenda á því hvers konar aðgerðir reyndust vel og hverjar miður.
- Komast að því eins og unnt er hvaða þættir í innra og ytra umhverfi fyrirtækjanna hafa verið mikilvægir til þess að takast á við ástandið hingað til.
- Varpa ljósi á aðlögunarhæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu og seiglu greinarinnar.
- Vinna ítarlegt stöðumat á áhrifum COVID-19 faraldursins á íslenska ferðaþjónustu.

**Tímarammi:** Um er að ræða 13 mánaða verkefni sem áætlað er að ljúki í árslok 2021.

**Afurðir:** Heildstæð skýrsla þar sem rannsókninni og niðurstöðum hennar er lýst.

**Hagnýtt gildi:** Auðveldar stjórnvöldum að bregðast skynsamlega við áföllum í ferðaþjónustu í framtíðinni.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Óbein. Stuðlar að meiri stöðugleika í greininni og hagkerfinu.

**Miðlun:** Skýrslan verður birt á heimasíðu Ferðamálastofu. Vonast er til að haldin verði opinber málstofa eða jafnvel ráðstefna um niðurstöðurnar.

**Kostnaður:** Áætlaður kostnaður er 10 m.kr.

## *Verkefni 10 - Spár um umsvif í ferðaþjónustu*

Þetta verkefni felur í sér gerð heildstæðs, tölfræðilegs spákerfis fyrir eftirfarandi fjóra mælikvarða á umsvif í ferðaþjónustu:

- Fjöldi erlendra ferðamanna til landsins.
- Meðaldvalartíma þeirra í landinu.
- Meðaleyðslu erlendra ferðamanna.
- Fjöldi gistinguótta.

Spálíkön verða (i) tímaraðalíkön fyrir spár af hárrí tíðni (þ.e. mánaðarlega), (ii) hagræn gerðarlíkön (e. structural models) fyrir spár til millitíma (nokkur ár) og (iii) efnahagsleg þróunarlíkön (e. development models) fyrir spár til lengri tíma (þrjú til 10 ár).

Veigamikill þáttur í verkefninu er að vinna það í nánú samráði við sérfræðinga Ferðamálastofu til að tryggja að verkefnið nýtist sem best í starfi Ferðamálastofu.

Nánar tiltekið er verkefni þessu skipt í átta verkþætti sem hér segir:

1. Samráð og samvinna við Ferðamálastofu um inntak og þróun spákerfisins
2. Umsvif í ferðaþjónustu: Hagfræðileg grundvallaratriði
3. Umsvif í ferðaþjónustu: Tölfræðileg grundvallaratriði
4. Öflun nauðsynlegra gagna: Gerð gagnagrunns
5. Mat á spájöfnum fyrir ferðaþjónustu
6. Prófun á metnum spájöfnum
7. Fyrstu spár
8. Gerð spákerfis til reglulegra spáa

Spákerfinu verður skilað á notendavænu formi sem auðvelt verður að nýta til að gera nýjar spár með tilkomu nýrra gagna, byggja við og auka í síðari áföngum viðameiri spágerðar.

**Tímarammi:** Um er að ræða 26 mánaða verkefni sem áætlað er að ljúki í árslok 2022.

**Afurðir:** Öllum ofangreindum verkþáttum þessa verkefnis lýkur með skriflegri afurð, greinargerð eða birtingarhæfri, fræðilegri skýrslu um viðfangsefnið, auk tölvutæks efnis (gagnagrunns, forritasafns o.s.frv.). Lokaafurðin er fullbúið notendavænt spákerfi í viðeigandi hugbúnaði til notkunar fyrir starfsmenn Ferðamálastofu eða aðra sem stofnunin veitir aðgang að spákerfinu.

**Hagnýtt gildi:** Framreikningur eða spár af þessu tagi eru mjög mikilvæg tæki til að auðvelda fyrirtækjum og hinu opinbera árangursríka stefnumörkun og áætlanagerð í ferðaþjónustu, sem eykur arðsemi greinarinnar og framlag hennar til samfélagsins.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Óbein. Auðveldar stefnumótun, áætlanagerð og eykur vonandi arðsemi af atvinnugreininni.

**Miðlun:** Skýrslur þessa verkefnis verða aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Jafnframt er fyrirhuguð opinber kynning á helstu niðurstöðum og fyrstu spám undir lok verkefnisins. Þá er gert ráð fyrir að verkþættir og áfangar verði kynntir á málstofum í HÍ og e.t.v. víðar og fræðigreinar e.t.v. ritaðar.

**Kostnaður:** Áætlaður heildarkostnaður við þetta verk er 26,8 m.kr. eða um 12,4 m.kr. á ári.

### **Verkefni 11 - Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- og aðgerðagreininga og hagspáa**

Verkefnið snýst um að gera sérstakt þjóðhagslíkan (geiralíkan) fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sem tengt er inn í fyrirliggjandi þjóðhagslíkön (Seðlabankans/ Hagstofunnar) fyrir hagkerfið í heild. Líkan þetta á að hafa alla venjulega getu þjóðhagslíkana, þ.á.m. til að:

- Meta áhrif ferðaþjónustunnar á efnahagslífið í heild (þ.e. þjóðhagsstærðir eins og VLF og atvinnustig).
- Meta áhrif annarra þátta efnahagslífsins á ferðaþjónustuna (eins og t.d. gengis, verðlags atvinnustigs og skatta).
- Rekja þjóðhagsleg áhrif breytinga í aðstæðum ferðaþjónustunnar á ferðaþjónustuna og efnahagslífið í heild (t.d. högga eins og COVID-19, brottfalls flugfélaga eða ávinnings eins og opunar stórra flugleiða).
- Rekja áhrif opinberra aðgerða á ferðaþjónustu og efnahagslífið í heild þannig að unnt sé að velja þær opinberu aðgerðir sem líklegastar eru til að ná þeim markmiðum um

ferðapjónustu sem að er stefnt (t.d. uppbyggingar innviða, nýrra gjalda, auglýsingaherferðar o.s.frv.).

- Spá fyrir um framlag ferðapjónustunnar til efnahagslífsins og hagvaxtar í framtíðinni á grundvelli spáa um umsvif í ferðapjónustu (fjölda ferðamanna o.s.frv.).

Fyrsta þrepið í þessu verkefni er að gera þjóðhagslíkan fyrir ferðapjónustuna. Annað þrepið er að tengja það við fyrirliggjandi þjóðhagslíkón með fræðilega samkvæmum (e.consistent) hætti. Þriðja þrepið er að staðfesta virkni og áreiðanleika þessa líkans. Fjórða þrepið er að fella þetta líkanakerfi inn í sæmilega þjáltað forrit til hagnýtra nota.

Í verkefni þessu þarf að hafa viðeigandi samvinnu við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sem ýmist vinna þjóðhagsreikninga, reka þjóðhagslíkón og eða hafa not af þjóðhagslíkani fyrir ferðapjónustuna.

**Tímarammi verkefnis:** Hámarkstímarammi er áætlaður 2020-2025. Fullbúið og virkt þjóðhagslíkan fyrir ferðapjónustuna, sem tengt verður við fyrirliggjandi þjóðhagslíkón Seðlabankans/Hagstofunnar með gagnvirkum hætti, á þó að verða tilbúið í árslok 2023.

- Afurðir:**
- (i) Fullbúið þjóðhagslíkan fyrir ferðapjónustu.
  - (ii) Virk tenging þessa þjóðhagslíkans við þjóðhagslíkan fyrir hagkerfið í heild.
  - (iii) Fullbúið forritakerfi sem leyfir greiningu á áhrifum breytinga í ferðapjónustu á helstu þjóðhagsstærðir og öfugt.
  - (iv) Einfaldar keyrslur líkans aðgengilegar á heimasíðu/mælaborði Ferðamálastofu.
  - (v) Ýtarlegar árlegar skýrslur um verkefnið og framgang þess.

**Hagnýtt gildi:** Veruleg vöntun er á þjóðhagslíkani (geiralíkani) fyrir þennan stærsta atvinnuveg þjóðarinnar, sem nota má í öllum þeim mikilvægu verkefnum sem lýst er að framan. Þjóðhagslíkanið og virk tenging þess við fyrirliggjandi þjóðhagslíkón gefur stjórnvöldum og öðrum betri greiningar- og stýritæki til að hámarka arðsemi greinarinnar og þjóðarbúsins og bregðast við áföllum með skilvirkum hætti.

**Tengsl við Jafnvægisás ferðamála:** Óbein. Stuðlar að dýpri skilningi á efnahagslegu gildi ferðapjónustu og bættri opinberri ákvarðanatöku.



**Miðlun:** Skýrslur vegna þessa verkefnis verða aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Jafnframt er fyrirhuguð opinber kynning á helstu niðurstöðum verkefnisins eftir því sem þær verða til og ráðstefna um fullbúið þjóðhagslíkan og fyrstu spár undir lok verkefnisins. Einfaldar keyrslur líkans verða aðgengilegar á heimasíðu/mælaborði Ferðamálastofu. Þá er gert ráð fyrir að verkþættir og áfangar verði kynntir á málstofum í HÍ og e.t.v. víðar.

**Kostnaður:** Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis er áætlaður 30 m.kr. á næstu þremur árum eða 10 m.kr. á ári.

### 3.2 Verkefni í vinnslu: Yfirlit

Eftirfarandi töflur veita sýn yfir ofangreind verkefni. Fyrri taflan veitir yfirlit yfir áætlaðan kostnað verkefna og með hvaða hætti þau ná til helstu vídda sjálfbærni. Rétt er að ítreka það sem fram kom í upphafi þessa kafla að kostnaður sem fram koma í töflunni ber að skoða sem áætlun en ekki rauntölur. Síðari taflan veitir frekari sýn inn í viðfangsefni viðkomandi rannsóknarverkefna.

Verkefni		Árlegur kostnaður	Nær til þátta sjálfbærni		
Nr.	Heiti		Efnahagur	Umhverfi	Samfélag
1	Brottfarartalning	9,0	Já	Já	Já
2	Landamærakönnun	40,0	Já	Já	Já
3	Viðhorf Íslendinga til ferðaþj.	8,0		Já	Já
4	Ferðahegðun Íslendinga	4,0	Já	Já	Já
5	Ferðahegðun á áfangastöðum	12,0	Já	Já	Já
6	Dreifing ferðamanna um landið	3,0	Já	Já	Já
7	Fjárhagur og afkoma fyrirtækja	6,0	Já		
8	Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar	15,0	Já	Já	Já
9	Aðlögunarhæfni og seigla	8,0	Já		Já
10	Spár um umsvif í ferðaþjónustu	12,0	Já	Já	Já
11	Þjóðhagslíkan f. ferðaþjónustu	10,0	Já		Já
	<b>Samtals</b>	<b>127,0</b>			

Í kafla 2.2 var rannsóknarverkefnum skipt í 16 meginflokka eftir rannsóknarsviðum og viðfangsefnum. Eftirfarandi tafla freistar þess að gera grein fyrir því hvernig ofangreind rannsóknarverkefni falla í þessa flokka.

Rannsóknarsvið	Viðfangsefni verkefna			
	(i) Mælingar	(ii) Greining	(iii) Endurbætur	(iv) Miðlun
I. Efnahagslegur ávinningur	1, 2, 8, 10	7, 8, 9, 10, 11	4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11	Öll
II. Áhrif á umhverfisgæði	1, 2, 3	6, 11	4, 5, 6	Öll
III. Áhrif á samfélagið	1, 2, 3, 4, 5	5, 6, 9, 10, 11	3, 4, 5, 6, 9	Öll
IV. Gagnagrunnur	1, 2, 3, 4, 5	8	8	Öll
Skýringar: Verkefnisnúmer í töflureitum.				

### 3.3 Önnur verkefni

#### 3.3.1 Ófyrirséð verkefni

Auk ofangreindra verkefna á rannsóknaráætlun koma öðru hverju til framkvæmdar verkefni til að mæta aðkallandi þörf sem skapast hefur. Á meðal slíkra verkefna eru úttektir KPMG fyrir Ferðamálastofu á rekstarafkomu og efnahag ferðapjónustufyrirtækja á árunum fram til 2020 og könnun Gallup fyrir stofnunina á stöðu og horfum um sömu stærðir hjá ferðapjónustufyrirtækjum haustið 2020. Þessi verkefni voru til komin vegna tilfinnanlegs upplýsingaskorts um þessi efni er Covid-kreppan skall á.

Eðli málsins samkvæmt geta svona verkefni ekki verið í rannsóknaráætlunum sem gerðar eru til nokkurra ára í senn. Á hinn bóginn verður að gera verður ráð fyrir að hliðstæð þörf skapist fyrir svona tilfallandi úttektir í framtíðinni. Þær yrðu þá ætíð skammvinnari en venjuleg rannsóknarverkefni – ef ekki, yrðu þær í rannsóknaráætlunum sem yfirstandandi verkefni og líklega, en þó ekki endilega, kostnaðarminni.

### 3.3.2 Starfsánægja í ferðaþjónustu

Verkefnið *Starfsánægja í ferðaþjónustu* er eitt af þeim verkefnum sem voru skilgreind í fyrstu rannsóknaráætlun Ferðamálastofu (2020-2022). Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir lagði til að verkefnið yrði tekið út úr rannsóknaráætlun fyrir tímabilið 2021-2023. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telur hins vegar að ávinningur kunni að vera af því að verkefninu verði fram haldið í einhverri mynd. Munu ráðuneytið og Ferðamálastofa skoða það betur í sameiningu. Verði úr að ráðist verði í verkefnið að nýju mun ráðuneytið fjármagna það að fullu.

## 4. Framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna

Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að safna, greina og setja fram gögn til að styðja við skynsamlega ákvarðanatöku og markmiðasetningu í ferðapjónustu (sjá t.d. 2. gr. reglugerðar 20/2020). Rannsóknarverkefnum þeim sem rakin eru kafla 3 í þessari áætlun er ætlað að þjóna þessu hlutverki. Það að skýrgreina viðeigandi rannsóknarverkefni er þó einungis fyrsta skrefið. Verkefnunum þarf einnig að koma í framkvæmd og niðurstöðunum þarf að koma á framfæri.

Til að gagnaöflun og rannsóknir komi að sem mestum notum þarf þrennt að koma til:

1. Skynsamlegt val verkefna.
2. Góð framkvæmd verkefna.
3. Skilvirk miðlun niðurstaðna.

Fyrsta atriðið er hin eiginlega rannsóknaráætlun, sem lýst er í kafla 3 hér að framan. Þar er meginatriðið að finna og skýrgreina gagnlegustu rannsóknarverkefnin. Annað þrepíð er framkvæmd verkefnanna, þ.e. rannsóknirnar sjálfar. Þar eru vísindaleg gæði í víðum skilningi<sup>2</sup> höfuðatriðið. Auk þess má aldrei gleyma því að verkefnin eiga einnig að vera hagnýt. Þriðja þrepíð er skilmerkileg miðlun niðurstaðnanna bæði til þeirra sem geta nýtt þær nú þegar til ákvarðanatöku og stefnumörkunar og til síðari notkunar með því að stuðla að því að sjóður þekkingar fari vaxandi. Þessi þrjú þrep eru eins og hlekkir í sömu keðju. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Rannsóknarstarf kemur ekki að tilætluðum notum nema rannsóknarverkefni séu skynsamlega valin, þau séu vel framkvæmd og niðurstöðunum komið skilmerkilega á framfæri.

Ferðamálastofa, sem falið er að láta framkvæma rannsóknaráætlunina (reglugerð 20/2020, 5. gr.), vinnur að því að móta verklag um framkvæmd rannsóknarverkefna og miðlun niðurstaðna. Talsvert hefur miðað við þetta verk, en við frágang þessarar rannsóknaráætlunar er því enn ekki lokið. Það sem hér fer á eftir er því ekki endanlegt en ætlað að veita hugmynd um hvernig verklagið er líklegt til að verða.

---

<sup>2</sup> Á meðal þessara gæða eru áreiðanleiki, nýnæmi, gegnsæi og endurtakanleiki.

#### 4.1 Framkvæmd verkefna

Sú framkvæmd rannsóknarverkefna sem snýr að Ferðamálastofu er nokkuð margþætt. Hún tekur m.a. til:

- (i) Lýsingar á verkefnum; þ.m.t. kröfulýsingar, framvindulýsingar og miðlunarlýsingar.
- (ii) Leitar að hæfum rannsóknaraðilum.
- (iii) Vals á rannsóknaraðilum.
- (iv) Gerðar samninga við rannsóknaraðila.
- (v) Umsjónar með framvindu rannsóknarverkefna.
- (vi) Gæðamats á verkefnum og afurðum þeirra.
- (vii) Fjárhagslegs uppgjors og endurskoðunar á reikningum.
- (viii) Verkefnastjórnunar

Þessi framkvæmdaþættir eru í eðli sínu talsvert viðamiklir jafnvel þótt viðkomandi rannsóknarverkefni séu ekki stór. Mikilvægt er hins vegar að sníða stakk eftir vexti og gæta þess að vinna við þessa framkvæmd og þar með framkvæmdakostnaður sé ekki úr hófi miðað við stærð og umfang verkefna. Þá er ekki síður mikilvægt að framkvæmdaferlið í heild sinni sé gagnsætt, ekki síst hvað snertir val á rannsóknaraðilum og mat á gæðum rannsókna.

##### ***(i) Lýsing verkefna***

Afar mikilvægt er að skýrgreina verkefni vel. Í því felst að tiltaka þarf markmið þeirra með skýrum hætti og afurðir þeirra eins nákvæmlega og unnt er. Þá þarf tímarammi verkefnis að vera skýr sem og áfangar í átt að verkefnislökum. Ennfremur þarf að tilgreina kostnað og tengja greiðslur við það að ná verkefnisáföngum. Síðast en ekki síst þarf verkefnið að fela í sér verkþátt sem lýtur að því að stjórnvöld ferðamála og ferðþjónustan geti nýtt sér afurðir verkefnisins eins og til er ætlast.

Þessi atriði eru dregin saman í verkefnislýsingu. Verkefnalýsing byggir á lýsingu viðkomandi verkefnis í rannsóknaráætlun. Hún þarf hins vegar yfirleitt að vera talsvert ýtarlegri og nákvæmari. Einkum og sér í lagi þarf hún að fela í sér ýtarlega kröfulýsingu, þ.e. lýsingu á afurðum (gögnum, kerfum, líkönum, svörum við spurningum o.s.frv.) sem verkefninu er ætlað að mæta. Hún þarf einnig að fela í sér framvindulýsingu, þ.e. skýrgreinda áfanga, tímasetningar og verklok. Þá þarf verkefnislýsing einnig að fela í sér lýsingu á formi afurða, þar með talið miðlun niðurstaðna.

***(ii) Leit að hæfum rannsóknaraðilum***

Fullbúin verkefnislýsing skapar forsendur fyrir leit að vænlegum rannsóknaraðilum. Mikilvægt er að finna hæfustu aðilana til að vinna hvert verkefni. Margar leiðir og misdýrar eru til í þessu skyni. Þeirra á meðal er að auglýsa eftir framkvæmdaaðilum, formleg útboð rannsóknarverkefna eða að leita beint til aðila sem góð reynsla er af. Fyrirfram er ekki unnt að útiloka neina af þessum leiðum. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir að verkefni verði auglýst og óskað eftir tilboðum í þau. Tilboðin þurfa að fela bæði í sér tæknilega og fjárhagslega útfærslu. Nauðsynlegt er að Ferðamálastofa áskilji sér nægan sveigjanleika við mat á tilboðum þ.á m. rétt til að hafna þeim öllum.

***(iii) Val rannsóknaraðila***

Mikilvægt er að vanda til vals á rannsóknaraðilum. Þar skipta meginmáli hæfni þeirra og væntanleg verkgaði. Verkgæði felast annars vegar í vísindalegum gæðum afurðar og hins vegar í tímanlegum skilum verkþátta. Þau tilboð sem berast þarf að meta með tilliti til þessara atriða sem og kostnaðar. Að öðru jöfnu koma þau tilboð ein til álita sem mæta vísindalegum/tæknilegum kröfum. Að því tilskildu skiptir tilboðsupphæð einnig máli. Kemur þá til greina að ákveða fyrirfram hlutfallslegt vægi vísindalegs gildis og tilboðsverðs. Séu verkefni umfangsmikil kann að vera rétt að Ferðamálastofa setji upp sérfræðihóp til að meta tilboð og raða þeim í gæðaröð.

***(iv) Gerð samninga***

Verksamningur skýrgreininir þær rannsóknarafurðir sem framleiða á, hvenær þær eiga að verða til og fyrir hvaða verð. Því er mikilvægt að þessi samningur sé hæfilega ýtarlegur og lögfræðilega traustur. Hann þarf m.a. að fela í sér ákvæði um verkframvindu og eftirlit, greiðslur í samræmi við framvindu og mat á gæðum verksins þá lokið er.

***(v) Umsjón með framvindu***

Reynslan sýnir að þótt samningur hafi verið gerður við rannsóknaraðila er ekki víst að hann verði uppfylltur. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með framvindu verkefna og grípa í taumana ef þau virðast vera að fara afvega. Slík umsjón og réttur til afskipta hlýtur eðli málsins samkvæmt að byggjast á ákvæðum í verksamningi og væntanlega tengdur skýrgreindum áföngum verksins.

#### ***(vi) Gæðamat***

Nauðsynlegt er að hafa öflugt gæðaeftirlit með rannsóknarverkefnum. Mikilvægast í því efni er að afurðir verkefnisins séu af fullnægjandi gæðum. Lítið gagn og jafnvel skaði er af verkefnum sem skila lélegum eða jafnvel rangvísandi niðurstöðum. Því er við verkskil nauðsynlegt að fara vandlega yfir afurðir verksins og hvort þær uppfylli skilyrði verksamnings með tilliti til vísindalegra gæða. Slíkt mat krefst sérfræði á viðkomandi sviðum og yrði best falið óháðum matsmönnum sem búa yfir umræddri sérfræði. Niðurstöður þeirra gætu verið á þann veg að (i) verkefnisskil séu fullnægjandi eða (ii) endurbóta sé þörf.

#### ***(vii) Fjárhagslegt uppgjör og endurskoðun á reikningum***

Hluti af verkskilum er yfirlit um útgjöld verkefnisins. Þessi reikningsskil þarf að bera saman við útgjaldaáætlun í verksamningi.

#### ***(viii) Verkefnastjórnun***

Ofangreind atriði sýna mikilvægi þess að vel sé staðið að stjórnun og eftirliti með rannsóknarverkefnum af hálfu Ferðamálastofu. Góð verkefnastjórnun er viðamikil þarf og krefst undirstöðugóðrar þekkingar á rannsóknum almennt, auk sérfræði og reynslu í ferðamálum. Allir starfsmenn rannsóknasviðs stofnunarinnar verja talsverðum hluta af vinnutíma sínum í verkefnastjórnun. Því kemur vel til greina að Ferðamálastofa skýrgreini verkefnisstjórnun sem hlutastarf innan stofnunarinnar eða fullt starf ef umfang verkefna er nægilega mikið.

### 4.2 Miðlun niðurstaðna

Miðlun rannsóknarniðurstaðna er a.m.k. jafn mikilvæg og rannsóknin sjálf. Án viðeigandi miðlunar niðurstaðna er lítið gagn af rannsóknarverkefnum jafnvel þótt þau séu ágætlega unnin. Miðlun niðurstaðna getur verið hluti af verkefnislýsingu og því á ábyrgð framkvæmdaraðila að annast hana eða hún getur verið á verksviði Ferðamálastofu. Líklegt er að hvort tveggja eigi sér stað.

Miðlun niðurstaðna getur átt sér stað með ýmsum hætti, m.a. með:

- (i) Vandlegri skýrslu um framkvæmd og niðurstöður verkefnis, sem birt er á heimasíðu, Facebooksíðu og í fréttabréfi Ferðamálastofu. Stundum einnig bent á afurðirnar í spjallhópum ferðapjónustu á Facebook.
- (ii) Kynningarfundum, lokuðum og opinberum, með viðkomandi stjórnvöldum, hagsmunaaðilum í greininni og áhugasömum. Þessir fundir eru jafnan bæði haldnir á tilteknum stað og sendir út á netinu, auk þess sem þeir eru gjarna teknir upp og birtir á heimasíðu Ferðamálastofu.
- (iii) Ráðstefnum og/eða vinnustofum um verkefnið og niðurstöður þess.
- (iv) Mælaborði ferðapjónustunnar, sem Ferðamálastofa hefur umsjón með. Einkum upplýsingar sem gagnlegt er að notendur hafi gagnvirkan aðgang að til að geta skoðað þær frá mismunandi sjónarhornum og dýpt. Á næstunni hyggst Ferðamálastofa birta þróunaráætlun sína fyrir mælaborðið.
- (v) Útgáfu vísindagreina.

Öllum niðurstöðum rannsóknarverkefna verður væntanlega komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og margar gerðar auðveldega aðgengilegar á mælaborði ferðapjónustunnar sem og í Vefsjá Ferðamálastofu þegar fram vindur. Rannsóknarskýrslur verða gefnar út í ritröð Ferðamálastofu: *Ferðamálarannsóknir ISSN 2547-8060*.



## Tilvísanir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir að ferðapjónustu*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/vegvisir-i-ferdathjonustu/>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019a). *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030*. Sótt 14. maí 2020 af [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu%202030\\_Final\\_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu%202030_Final_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1.pdf)

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019b). *Jafnvægisás ferðamála*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/jafnvaegisas-ferdamala/>

Coccosis, H., Mexa, A., & Collovini, A. (2002). Defining, measuring and evaluating carrying capacity in European tourism destinations, final report B4-3040/2000/294577/MAR/D2. Material for a Document. Aþena: University of the Aegean, Department of Environmental Studies, Laboratory of Environmental Planning.

Ferðamálastofa. (2019). Ferðavenjur erlendra ferðamanna. Sótt 16. júní 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>.

Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020-22*. Ferðamálastofa. Reykjavík.

Jónas Hlynur Hallgrímsson, Nathan Reigner, Ólafur Árnason, Ragnhildur Gunnarsdóttir, Ray Salter, Rob. P.M. Kamsma, Sigurður Loftur Thorlacius, Tinna Húnbjörg Einarsdóttir, & Þorbjörg Sævarsdóttir. (2019). *Jafnvægisás ferðamála: Samantekt á niðurstöðum álagsmats. Drög til kynningar*. Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála.

*Lög um Ferðamálastofu* nr. 96/2018.

*Reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála* nr. 20/2020.

Þingskjal 758. (2011). Tillaga til þingsályktunar um Ferðamálaáætlun 2011-2020. Samantekt sótt 19. maí 2020 af vef Ferðamálastofu  
[https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mars/ferdamalaaetlun\\_2011\\_2020\\_uppsett.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mars/ferdamalaaetlun_2011_2020_uppsett.pdf)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir. (2019). *Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar. Leiðandi í sjálfbærri þróun*. Kynning ráðherra og Eflu verkfræðistofu í september 2019. Sótt 19. Maí 2022 af [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Kynning\\_R%C3%A1%C3%B0herra\\_Efla.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Kynning_R%C3%A1%C3%B0herra_Efla.pdf)

# Viðaukar

Viðauki 1 - Reglugerð nr. 10/2020

Nr. 20

10. janúar 2020

## REGLUGERÐ

### um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, þ.m.t. gögn, gagnagreiningu og rannsóknir, sem Ferðamálastofa annast á grunni rannsóknaráætlunar.

2. gr.

#### *Hlutverk Ferðamálastofu.*

Ferðamálastofa skal fylgjast með og stuðla að þróun ferðapjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna, á málefnasviði stofnunarinnar.

Ferðamálastofa skal meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun, sbr. 5. gr., og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt rannsóknaráætlun í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, m.a. hvað varðar opinber innkaup. Vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skal styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.

Ferðamálastofa skal miðla niðurstöðum á markvissan hátt.

3. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Gagnagreining*: Nákvæm athugun, útvinnsla og túlkun á gögnum eða heimildum sem framkvæmd er til að skilja uppbyggingu, eðli og/eða samhengi.
- b. *Gagnaöflun*: Skipuleg, og eftir atvikum reglubundin, söfnun gagna sem framkvæmd er í tengslum við greiningu, rannsókn eða skráningu upplýsinga. Að jafnaði skal miða við að gagnaöflun myndi óbrotna tímalínu á grunni þess sem áður hefur verið framkvæmt. Frumgagna er aflað með megindegum (t.d. talningum eða könnunum) eða eigindlegum (t.d. viðtölum eða þátttökuathugunum) rannsóknaraðferðum. Afleiddra gagna er aflað á grunni útgefna eða óútgefna heimilda.

- c. *Gögn*: Skráðar upplýsingar sem skiptast í frumgögn og afleidd gögn. Frumgögn eru skráðar upplýsingar frá fyrstu hendi. Afleidd gögn eru gögn sem þegar er búið að skrá og eru tiltæk.
- d. *Jafnvægisás ferðamála*: Stjórnþæki til að meta reglulega áhrif ferðapjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag íslensks samfélags á grunni skilgreindra sjálfbærnisvísa.
- e. *Mælaborð ferðapjónustunnar*: Rafræn gagnaveita og upplýsingagátt Ferðamálastofu þar sem hægt er að nálgast gögn og helstu niðurstöður greininga og rannsókna tengdar ferðapjónustu sem birtar eru á aðgengilegan hátt.
- f. *Rannsókn*: Nákvæm og kerfisbundin athugun með vísindalegri aðferð sem hefur þann tilgang að skapa nýja eða frekari þekkingu á því sviði sem rannsakað er og framkvæmd er í þeim tilgangi að nýtast stjórnvöldum til töku stefnumótandi ákvarðana á sviði ferðamála.
- g. *Rannsóknaráætlun*: Áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðapjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

#### 4. gr.

##### *Miðlun upplýsinga og greining gagna.*

Ferðamálastofa skal miðla upplýsingum um helstu gögn og niðurstöður gagnagreininga og rannsókna á vegum stofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir eðli verkefna. Niðurstöður skulu nýttar til að varpa ljósi á stöðu og þróun ferðapjónustunnar.

Nr. 20

10. janúar 2020

Ferðamálastofa skal gera meginþing gögn og helstu niðurstöður meginþingra rannsókna aðgengilegar í *Mælaborði ferðapjónustunnar*. Ferðamálastofa skal jafnframt stuðla að því að fyrirliggjandi upplýsingar frá öðrum hagaðilum sem snúa að ferðapjónustu og hafa þýðingu fyrir þróun hennar séu birtar í *Mælaborði ferðapjónustunnar*.

Ferðamálastofa skal setja fram áætlun um áframhaldandi þróun og framkvæmd *Mælaborðs ferðapjónustunnar*, m.a. með hliðsjón af gildandi rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal setja fram birtingaráætlun árlega. Hana skal uppfæra reglulega í tengslum við framgang verkefna.

#### 5. gr.

##### *Rannsóknaráætlun.*

Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni *Jafnvægisáss ferðamála* og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlun skal einnig taka mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna. Áætlunin skal unnin til þriggja ára í senn og endurskoðuð árlega eða oftár ef nauðsyn krefur. Við mótun rannsóknaráætlunar skal Ferðamálastofa:

- a. Stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðapjónustu.

- b. Greina og meta hvaða gagna skuli aflað og í hvaða rannsóknir þurfi að ráðast sem styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðapjónustu og áframhaldandi þróun og viðhald *Jafnvægisáss ferðamála*, meta umfang verks og áætla kostnað.
- c. Forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar fyrir málaflokkinn og gæta jafnvægis milli hinna þriggja þátta sjálfbærni, þ.e. efnahagslegra þátta, umhverfislegra þátta og samfélagslegra þátta, þannig að við gagnaöflun og rannsóknir sem nýtast við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda sé horft til allra þáttanna. Í rannsóknaráætlun skal tilgreina viðfangsefni, tilgang, umfang, hagnýtt gildi og tímasetningu sérhvers verkefnis.
- d. Birta hugtakalista á heimasíðu Ferðamálastofu með helstu hugtökum sem tengjast rannsóknum á ferðamálum.

6. gr.

*Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir.*

Ferðamálastofa skal kalla saman ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu.

Í nefndinni skulu eiga sæti, auk eins fulltrúa stofnunarinnar, sem stýrir starfi nefndarinnar, tveir fulltrúar háskóla sem sinna kennslu og rannsóknum á sviði ferðamálafræði sem tilnefndir eru af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn fulltrúi sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál og einn fulltrúi sem tilnefndur er af Samtökum ferðapjónustunnar. Fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með ferðamál skal jafnframt eiga sæti í nefndinni.

Niðurstöður nefndarinnar skulu lagðar til grundvallar við mótun rannsóknaráætlunar. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Nefndin getur, eftir því sem þörf er á, kallað eftir mati sérfróðra aðila um áherslur rannsóknaráætlunar. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Ferðamálastofu sem tryggir henni jafnframt viðunandi starfsaðstöðu.

7. gr.

*Samráð og gildistaka rannsóknaráætlunar.*

Drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu skulu birt í samráðsgátt stjórnvalda. Að loknu samráði gerir stofnunin tillögu að rannsóknaráætlun til ráðherra.

Samþykkt rannsóknaráætlun skal birt á vefsíðu Ferðamálastofu.

Nr. 20

10. janúar 2020

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. janúar 2020.*

**Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** ferðamála-, iðnaðar- og  
nýsköpunarráðherra.

*Sigrún Brynja Einarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2020

Ferðamálastjóri

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Geirsgata 9

101 Reykjavík

Efni: Ráðgjöf vegna rannsóknaráætlunar 2021-23

6.11.2020

Virðulegi ferðamálastjóri

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur lokið umfjöllun sinni um verkefni fyrir rannsóknaráætlun árána 2021-23. Nefndi fjallaði um þessa ráðgjöf sína á fjórum fundum á tímabilinu 8.9. til 30.9.2020. Ráðgjöf nefndarinnar er sett fram í meðfylgjandi skjölum:

1. Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2021-23
2. Fundargerðir nefndarinnar

Nefndin sem heild stendur að þessari ráðgjöf.

Nefndin hefur rætt mikilvægi þess að hún setji fram ráðgjöf sína vel fyrir mitt hvert ár til þess Ferðamálastofu gefist ráðrúm að ganga frá og auglýsa rannsóknaráætlun næstu þriggja ára á haustdögum þannig að niðurstaða um framkvæmd verkefna geti legið fyrir áður en rannsóknartímabil hefst. Til þess að svo megi verða hyggst hún

hefja störf að ráðgjöf sinni um rannsóknaráætlun áráanna 2022-24 snemma á næsta ári.

Fyrir hönd Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir.



Ragnar Arnason



## Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2021-23

Eftirfarandi ráðgjöf skiptist í fjóra hluta: I. forsendur ráðgjafarinnar, II. verkefni í vinnslu, III. ný verkefni og IV. önnur atriði sem nefndin vill koma á framfæri. Fundargerðir frá þeim fundum sem fjölluðu um þessa ráðgjöf er að finna í viðauka.

### I. Forsendur ráðgjafar

Miðað við þær upplýsingar sem nefndin hefur eru ekki horfur á að rannsóknarfé til FMS hækki á næsta ári miðað við það sem nú er. Það merkir að ekki verður fjárhagslegt svigrúm til að hefja ný rannsóknarverkefni. Því er ekki, eins og sakir standa, ástæða til að leggja í vinnu við að útfæra slík ný rannsóknarverkefni og enn síður gera tillögur um þeim sé komið í framkvæmd.

Nefndin hefur á hinn bóginn ýmsar hugmyndir um ný gagnleg rannsóknarverkefni og er talið rétt að koma þeim hér á framfæri fyrst og fremst sem hugmyndabanka. Ef til þess kæmi að FMS teldi sig hafa fjárhagslegt svigrúm fyrir ný rannsóknarverkefni síðar á árinu er unnt að útfæra þessi verkefni nánar þannig að unnt sé að auglýsa eftir rannsakendum til að framkvæma þau.

### II. Yfirstandandi verkefni

Ellefu talsvert viðamikil rannsóknar- og gagnaöflunarverkefni standa nú yfir. Átta eru þegar í vinnslu. Þrjú önnur hafa verið auglýst og umsóknir borist. Nefndin telur rétt að öll þessi verkefni verði unnin áfram á tímabilinu 2021-23 með þeim lagfæringum og endurbótum sem stungið er upp á hér að neðan (skáletraður texti) og/eða FMS telur viðeigandi.

Nefndin telur hins vegar ástæðu til að rýna betur ýmis af þeim átta verkefni sem þegar eru í vinnslu og hafa verið í nokkur undanfarin ár með það í huga að bæta þau. M.a. er umhugsunarvert að fræðilegur grundvöllur þessara verkefna liggur ekki fyllilega ljós fyrir, tölfræðilegir eiginleikar þeirra gagna sem aflað er óljós og kann að vera veikur og tiltölulega lítið fer fyrir umhverfishlið ferðaþjónustunnar í þessum verkefnum. Sæmilega vandleg rýning á þessum verkefnum er nokkur vinna og kemur til greina að nefndin skipuleggi hana í tengslum við lengri fundi sem fyrirhugaðir eru á næsta ári (sjá hluta IV).

Í ljósi þess að all margar umsóknir komu um að framkvæma þau þrjú nýju rannsóknarverkefni sem auglýst voru, telur nefndin æskilegt að auglýsa einnig eftir framkvæmdaraðilum á yfirstandandi langvarandi verkefnum, þegar gildandi samningar um framkvæmd þeirra renna út.

## II.1 Verkefni í vinnslu

Þessum verkefnum er rækilega lýst í rannsóknaráætlun FMS 2020-22 og ekki ástæða til að endurtaka þá lýsingu hér. Hér er því fyrst og fremst komið á framfæri ábendingum varðandi inntak og framkvæmd þessara verkefna sem settar hafa verið fram í starfi nefndarinnar.

### *Verkefni 1 Fjöldi ferðamanna*

Hér er um að ræða talningu á fjölda ferðamanna bæði þeim sem koma/fara með flugi um millilandaflugvelli landsins og þeim sem koma sjóleiðis með áætlunarsiglingum og skemmtiferðarskipum og skiptingu þeirra eftir þjóðerni. Niðurstöðunum er miðlað m.a. með hjálp Mælaborðs ferðaþjónustunnar hjá FMS. Þessar talningar eru grundvallarþáttur í tölfræði ferðaþjónustunnar og varanlegt verkefni.

*Nefndin vekur athygli á því að upplýsingar um fjölda farþega til og frá landinu og þjóðerni þeirra eru til í fórum ýmissa aðila (þ.á m. flutningsaðila og löggæsluaðila). Ef hægt væri að nýta þessar upplýsingar, væri bæði unnt að fá áreiðanlegri gögn og spara fé. Jafnframt stendur þessi upplýsingaöflun og miðlun til bóta. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér hefur Ísland innleitt reglugerð um API (advanced passenger information) þar sem eru m.a. þjóðernisupplýsingar. Þá er talið að verið sé að uppfæra upplýsingakerfin á Keflavíkurflugvelli, sem eru á ábyrgð lögreglunnar, þannig að auðveldara verði að fylgjast með og kalla eftir upplýsingum í framtíðinni. Ísland hefur hins vegar ekki innleitt reglugerð um PNR (passenger name records) sem gerir kröfur um frekari upplýsingar og upplýsingamiðlun milli ríkja. API er s.s. ramminn og PNR innihaldið. Þá er þess að geta að til er enn eitt kerfið sem heitir ETIAS og er nokkurs konar ferðaheimildakerfi eins og ESTA og ETA. Það á að innleiða fyrir ferðamenn frá 3ju ríkjum inn til EU og líklega þá einnig EES eftir 2 ár að því er talið er. Sjálfsagt virðist að þessar upplýsingalindir verði kannaðar nánar og þær virkjaðar fyrir opinbera upplýsingagjöf í ferðaþjónustu.*

*Þá leggur nefndin áherslu á að talning á fjölda ferðamanna taki mið af alþjóðlegum stöðlum ferðamálatölfræði (e. International Recommendation for Tourism Statistics 2008) til að tryggja að þessi talning komi að sem mestum notum.*

## ***Verkefni 2 Landamæraökönnun: lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna***

Um er að ræða könnun meðal erlendra ferðamanna sem hófst í júní árið 2017 í samstarfi við Hagstofu Íslands. Gögnum er safnað allt árið um kring og er markmiðið að afla tölfræðilegra upplýsinga um lýðfræði, neyslu/útgjöld og ferðahegðun erlendra ferðamanna á áfangastað, upplifun þeirra og viðhorf. Annars vegar er um að ræða flugvallakönnun sem er framkvæmd á Keflavíkurflugvelli en þar er m.a. spurt um bakgrunn svarenda, tilgang ferðar, dvalarlengd, gistimáta, útgjöld og ánægju með Íslandsferðina. Hins vegar er netkönnun sem nær til svarenda sem á fyrra þrepi hafa gefið samþykki fyrir frekari þátttöku. Þar er spurt nánar út í Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, ferðahegðun og viðhorf til ýmissa þátta ferðarþjónustunnar.

Tilgangur þessarar könnunar er öðrum þræði að styrkja og styðja við hagtölur um þjónustuviðskipti við erlenda aðila, en útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi eru stór hluti erlendra þjónustuviðskipta þjóðarinnar.

Athugun þessi hefur staðið yfir í allmörg ár og er á þessu stigi talin verða til frambúðar. Hún er hins vegar dýr (40 m.kr. á ári) miðað við heildarfé FMS til rannsókna og gagnaöflunar.

*Hjá nefndinni komu fram spurningar um tölfræðilega aðferðafræði varðandi bæði verkefni 1 og 2 og þar með áreiðanleika þeirra gagna sem aflað væri, ekki síst í netkönnunum. Nauðsynlegt er að skýra þá hlið málsins og, eftir atvikum, bæta aðferðafræðina og þar með gæði þeirra gagna sem aflað er.*

*Þá leggur nefndin áherslu á að birting/framsetning FMS á þessum gögnum sé sem bestu samræmi við opinberar hagtölur og alþjóðlega staðla.*

## ***Verkefni 3 Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðarþjónustu***

Meginmarkmið verkefnisins er að meta viðhorf Íslendinga til ferðarþjónustu og ferðamanna bæði á landsvísu en einnig eftir landshlutum. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlisstöðum. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðarþjónustunnar en ætla má að það nýtist einnig fyrir sveitafélög og ferðarþjónustuna.

*Nefndin gerir ekki sérstakar athugasemdir við þetta verkefni.*

## ***Verkefni 4 Könnun á ferðahegðun og útivist Íslendinga***

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma gagnasöfnun í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og utan á nýliðnu ári. Spurt er t.d. um hvort og hvert er ferðast, hversu oft og í hvaða tilgangi. Frá 2018 hefur einnig verið spurt um útivist landsmanna, tegund og tíðni. Nýjasta viðbótin er söfnun upplýsinga um áætluð útgjöld í viðbótarkönnun sem framkvæmd var í apríl s.l. vegna COVID-19.

*Nefndin gerir ekki sérstakar athugasemdir við þetta verkefni.*

### ***Verkefni 5 Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum***

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld pr. dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega síðan 2013. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn).

*Nefndin gerir ekki sérstakar athugasemdir við þetta verkefni.*

### ***Verkefni 6 Dreifing ferðamanna á ferðamannastaði***

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Á yfirstandandi ári hefur verið tekin hefur verið upp ný og skilvirkari aðferð við þessar talningar. Aðferðin felst í notkun sjálfvirkra mæla sem komið er fyrir við inngang að svæðinu. Fjárfestingarkostnaður er viðráðanlegur (nálægt 600 þús. á mæli) og rekstrar- og viðhaldskostnaður lítil. Þessum mælum hefur þegar verið komið fyrir á nokkrum stöðum í samvinnu við Umhverfisstofnun og fleiri verða settir upp á næstunni. Hér er um að ræða varanlegt verkefni.

*Nefndin fagnar því að skilvirkari aðferð hefur veri tekin upp við þessar mælingar.*

### ***Verkefni 7 Greining á rekstrarafkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu***

Fyrir ákvarðanatöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar og tímanlegar upplýsingar um afkomu í greininni. FMS hefur gert gangskör að því að afla samfelldra tímaraðagagna um afkomu og efnahag fyrirtækja í ferðaþjónustu. Samið hefur verið við Creditinfo í þessu skyni og líkur á að þessar rekstrartölur liggi fyrir frá 2015-19 fljótlega og verði komið fyrir á mælaborði FMS.

*Nefndin bendir á að þessi rekstrargögn komi úr Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og hagkvæmast væri að fá þessi gögn milliliðalaust. Þá vekur nefndin athygli á mikilvægi þess að þessar rekstrarupplýsingar séu í samræmi við önnur hagsýslugögn um sama efni.*

### ***Verkefni 8 Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar***

Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfræðisviði hefur verið

varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá á mælaborði ferðaþjónustunnar og undirliggjandi gagnasafni. Þróun, efling og viðhald þessa gagnagrunns er auðvitað frambúðarverkefni sem ætla má að verði reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu.

*Nefndin telur að mjög mikið gagnamagn muni safnast upp í þessum gagnagrunni og því mikilvægt að kerfishönnun og hugbúnaður sé nægilega sveigjanlegur og öflugur til að ráða við það gagnamagn og skilvirka miðlun þess til frambúðar.*

## **II.2 Óhafin verkefni**

Í samræmi við rannsóknaráætlun 2020-22 var auglýst eftir rannsakendum til að vinna að þremur nýjum rannsóknarverkefnum. Allmargar umsóknir bárust og eru þær nú í óháðu matsferli. Ætla má að samið verði um framkvæmd þessara verkefna á næstu vikum.

Heiti verkefnanna og tímarammi er sem hér segir. Nánari lýsingu á þessum verkefnum er að finna í rannsóknaráætlun 2020-22 og auglýsingu eftir framkvæmdaaðilum á heimasíðu FMS.

***Verkefni 9 Þjóðahagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- aðgerðagreininga og hagspáa.***

Tímarammi: 2020-2025.

***Verkefni 10 Spár um umsvif í ferðaþjónustu***

Tímarammi fyrsta áfanga: 2020-2022.

***Verkefni 11 Aðlögunarhæfni og „resilience“ (þrautseigja, seigla) í ferðaþjónustu. Hvernig á að mæta áföllum? Hvernig unnt er að efla þrautseigju í greininni.***

Tímarammi fyrsta áfanga. 2020-21.

*Þessi verkefni voru öll í ráðgjöf hinnar ráðgefandi nefndar fyrir tímabilið 2020-22 og útboðslýsingar í samræmi við það sem nefndin lýsti. Nefndin gerir því ekki athugasemdir við þessi verkefni.*

### III. Ný verkefni

Nefndin hefur komið auga á nokkurn fjölda nýrra gagnlegra rannsóknarverkefna. Með hliðsjón af því takmarkaða fé sem til ráðstöfunar er talið verða á næsta ári sér nefndin þó ekki ástæðu til að útfæra þessi verkefni nánar að þessu sinni eða raða þeim í forgangsörð. Á hinn bóginn er vert að halda þessum hugmyndum að rannsóknarverkefnum til haga til frekari útfærslu í framtíðinni.

Möguleg ný verkefni sem stungið var upp á í nefndinni eru:

1. Öryggismál í ferðaþjónustu.
2. Ferðamennska og loftlagsbreytingar (kolefnissporið).
3. Vinnumarkaðsmál í ferðaþjónustu.
4. Nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu.
5. Samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar (þ.á m. út á við, við aðra atvinnuvegi, milli landshluta og fyrirtækja). [Þess má geta að athugun af þessu tagi mun vera í gangi að hluta hjá OECD og skýrsla væntanleg].
6. Jafnvægisásinn: Úrbætur í gagnasöfnun fyrir hann (t.a.m. um vinnumarkaðurinn og viðhorfskannanir).
7. Ferðavenjukönnun meðal Íslendinga (líkt og gert er fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi).
8. Íslenskir ferðamenn innanlands: Eftirspurn og ferðahegðun.
9. Áhrif ferðaþjónustu á sveitarfélög; efnahagsleg og félagsleg; byggðaðróun.
10. Öryggi í ferðaþjónustu (flókið og margar víddir); Samanburður við það sem erlendis gerist.
11. Bætt hagræn tölfræði í ferðaþjónustu. T.d. virðisauki á ferðamann, virðisauki í skipulögðum ferðum (í afþreyingargreinum) o.s.frv.
12. Rekstur ferðamannastaða: Hæfileg notkun, ofnotkun, stýritæki.
13. Fjármálataekni í ferðaþjónustu. Getum við aukið hlut okkar?
14. Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði. Þetta er að einhverju leyti í jafnvægisásnum, en þarf að skoða á hverjum ferðamannastað fyrir sig.
15. Skynsamleg heildarstefna í ferðaþjónustu: Getur ferðamennska gert okkur rík? Hvaða tegund af ferðamennsku er arðvænlegust?

## IV. Önnur atriði

Auk ofangreindra verkefna vill nefndin ítreka sína fyrri ráðgjöf um:

- (1) Ferðamálastofa athugi möguleika á því að bæta öryggismálum ferðamanna inn sem lið í öðrum verkefnum eða eftir atvikum skýrgreina nýtt verkefni um þau mál.
- (2) Heppileg dreifing ferðamanna og ferðabjónustu um landið er mikilvægt viðfangsefni. Þetta atriði er þáttur í ýmsum yfirstandandi rannsóknarverkefnum. Vel má hugsa sér að gera því hærra undir höfði t.d. með sérstöku verkefni.
- (3) Flest bendir til að sérstæð, hrein og óspillt náttúra sé helsta aðdráttarafl Íslands sem ferðamannastaðar. Því er mikilvægt að varðveita þessa þætti . Því er stungið upp á því Ferðamálastofa skýrgreini verkefni þar sem þetta atriði er í forgrunni.
- (4) Vel hugsuð rannsóknaráætlun er einungis skref að árangursríku gagnaöflunar- og rannsóknarstarfi. Ekki er síður mikilvægt að vanda til vals á framkvæmdaaðilum, gerðar rannsóknarsamninga og eftirlits með gæðum verkefna og afurða þeirra.

## Viðauki 3 - Fundargerðir ráðgefandi nefndar

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 5, 08.09.2020, kl. 10:00

### Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Vilborg H. Júlíusdóttir, Hildur Kristjánsdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt).

1. Fundargerð 4. fundar samþykkt.
2. RÁ gerði grein fyrir þróunarsögu rannsóknaráætlunar 2020-2022 frá því að nefndin lagði fram ráðgjöf sína þann 22.05 sl. Ferðamálastofa lauk vinnu að rannsóknaráætlun og sendi hana í samráðsgátt stjórnvalda 25.6. Níu umsagnir bárust. Í ljósi þeirra var rannsóknaráætlunin endurskoðuð og send til ráðherra 31.7. Ráðherra staðfesti áætlunina 20.8. Enn hefur ekki verið auglýst eftir rannsóknaraðilum í ný verkefni. Ferlið í heild frá því að nefndin lagði fram tillögur sínar til auglýsingar eftir framkvæmdaraðilum er því meira en þrjú mánuðir.  
Rætt um að í þessu ljósi væri æskilegt að ráðgjöf nefndarinnar varðandi rannsóknaráætlun næstu þriggja ára yrði tilbúin ekki síðar en í ágúst ár hvert og helst fyrr.
3. Farið yfir verkáætlun haustsins. Ákveðið að halda fundi sem hér segir:
  1. 16.9 14:00-16:00 um yfirstandandi verkefni,
  2. 23.9 14:00-16:00 um ný verkefni,
  3. 30.9 14:00-16:00 um ráðgjöf nefndarinnar.Ákveðið að senda þessar fundaráætlun út sem fyrst inn í dagskrá nefndarmanna.
4. Rætt um að æskilegt væri að hafa lengri vinnufundi (t.d. heilan dag eða meira) þar sem tækifæri gæfist til að fara djúpt niður í mikilvæga þætti rannsóknaráætlunar.
5. Jafnvægisásinn: Jónas H. Hallgrímsson og Ragnhildur Gunnarsdóttir frá Eflu gerðu grein fyrir þróun og inntaki jafnvægisássins. Stjórnstöð Ferðamála óskaði eftir aðila til að byggja upp og þróa ásinn. Efla varð fyrir valinu. Vinna hófst sumarið 2017. Verkið var unnið í tveimur áföngum, áfanga I og áfanga II, og lauk af hálfu árið 2019.  
Miklar umræður um kosti og galla, styrkleika og veikleika jafnvægisássins. Þau JH og RG lofuðu að senda nefndinni afrit af kynningarglærunum ásamt sínu mati á því hvað mikilvægast væri að bæta í jafnvægisásnum.
6. Fram kom (HK) að jafnvægisásinn er nú í umsjón ANR á skrifstofu ferðamála og hefur verið viðhaldið þar með nýrri gögnum.
7. Fundi slitið kl. 12:00



### Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson (fjrt), Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Hildur Kristjánsdóttir (fjrt), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt).

1. Fundargerð 5. fundar samþykkt.
2. Fjallað um hugsanleg ný verkefni. RÁ hvatti nefndarmenn til að leggja fram hugmyndir um ný verkefni. Mikilvægt væri að kasta netinu vítt þótt niðurstaðan að lokum yrði að mæla með fáum eða jafnvel engum nýjum verkefnum.

Eftirfarandi hugmyndir komu fram (skikkorð):

1. Öryggismál í ferðaþjónustu
2. Ferðamennska og loftlagsbreytingar (kolefnissporið)
3. Vinnumarkaðsmál í ferðaþjónustu
4. Nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu
5. Samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar (þ.á m. út á við, við aðra atvinnuvegi, milli landshluta og fyrirtækja).

Er í gangi að hluta hjá OECD og skýrsla væntanleg.

6. Jafnvægisásinn: Úrbætur í gagnasöfnun fyrir hann (t.a.m. um vinnumarkaðurinn og viðhorfskannanir).
7. Ferðavenjukönnun meðal Íslendinga (líkt og gert er fyrir erlenda ferðamenn).
8. Íslenskir ferðamenn innanlands: Eftirspurn og ferðahegðun.
9. Áhrif ferðaþjónustu á sveitarfélög; efnahagsleg og félagsleg; byggðapróun.
10. Öryggi í ferðaþjónustu (flókið og margar víddir); samanburður við erlendis.
11. Bætt tölfræði í ferðaþjónustu. T.d. virðisauki á ferðamann, virðisauki í skipulögðum ferðum (afþreyingargreinar) o.s.frv.
12. Rekstur ferðamannastaða: Hæfileg notkun, ofnotkun, stýritæki.
13. Fjármálatækni í ferðaþjónustu. Getum við aukið hlut okkar?
14. Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði. Þetta er að einhverju leyti í jafnvægisásnum, en þarf að skoða á hverjum ferðamannastað fyrir sig.
15. Skynsamleg heildarstefna í ferðaþjónustu. Getur ferðamennska gert okkur rík? Hvaða tegund af ferðamennsku er arðvænlegust?

Nokkur umræða um ýmis af þessum verkefnum.

3. Fundi slitið kl. 15:50

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 7, 23.09.2020, kl. 14:00

### Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson (fjrt), Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Hildur Kristjánsdóttir (fjrt), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt).

Auk þeirra sátu fundinn Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og Jakob Rolfsson af rannsókn- og tölfræðisviði Ferðamálastofu.

1. Fundargerð 6. fundar: Fram komu breytingartillögur. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
2. Farið yfir yfirstandandi verkefni. Þessi verkefni eru níu talsins auk þriggja nýrra verkefna sem auglýst hafa verið (sjá nánar rannsóknaráætlun Ferðamálastofu).

SBS og JR gerðu grein fyrir stöðu þessara verkefna og framkvæmd. um hugsanleg ný verkefni.

Talsverðar umræður urðu, M.a. kom eftirfarandi fram:

- (1) Upplýsingar um fjölda farþega til og frá landinu og þjóðerni þeirra (verkefni 1) eru til í fórum ýmissa aðila. Því væri bæði unnt að fá áreiðanlegri gögn og spara fé ef unnt er að nýta þessar upplýsingar. GGG mun kanna málið nánar hjá Samgöngustofu. [Í framhaldinu sendi hann nefndinni og ferðamálastjóra upplýsingar sem lofa góðu].
- (2) Fram komu spurningar um tölfræðilega aðferðafræði varðandi verkefni 1 og 2 og áreiðanleika þeirra gagna sem aflað væri, ekki síst í netkönnunum.
- (3) Tekin hefur verið upp ný og skilvirkari aðferð við að telja ferðamenn á ferðamannstöðum (Verkefni 6; dreifing ferðamanna um landið). Aðferðin felst í notkun sjálfvirkra mæla sem komið er fyrir við inngang að svæðinu. Fjárfestingarkostnaður viðráðanlegur (nálægt 600 þús. á mæli) og rekstrar og viðhaldskostnaður lítill. Þessum mælum hefur þegar verið komið fyrir á nokkrum stöðum í samvinnu við Umhverfisstofnun og fleiri verða settir upp á næstunni.
- (4) FMS hefur gert gangskör að því að afla samfelldra tímaraðagagna um afkomu og efnahag fyrirtækja í ferðaþjónustu (Verkefni 7; afkoma í ferðaþjónustu). Samið hefur verið við Creditinfo í þessu skyni og líkur á að þessar rekstrartölur liggi fyrir frá 2015-19 á mælaborði FMS fljótlega. Á það bent að þessi gögn kæmu úr Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og hagkvæmast væri að fá þessi gögn milliliðalaust.
- (5) Talsverður áhugi virðist vera fyrir því að gera tilboð í að vinna hin nýju rannsóknarverkefni. Umsóknarfrestur er til 28. september.

3. Fundi slitið kl. 15:59

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 8, 30.09.2020, kl. 14:00

### Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson (fjrt), Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Hildur Kristjánsdóttir (fjrt), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt).

1. Fundargerðir 6. og 7. fundar samþykktar.
2. Rætt um ráðgjöf nefndarinnar til ferðamálastofu.

Rifjað upp að nefndin hafi á fyrri fundum sínum í þessari lotu farið sæmilega vandlega yfir yfirstandandi og nýauglýst verkefni og sömuleiðis sett fram hugmyndir um allmörg ný verkefni. Spurning væri, hvort nefndin gæti á þessum grundvelli sett fram ráðgjöf sína um rannsóknaráætlun 2021-3.

Eftirfarandi kom m.a. fram:

- Ekki voru taldar horfur á að rannsóknarfé til FMS hækki á næsta ári miðað við það sem nú er. Því eru ekki, eins og sakir standa, forsendur fyrir því að útfæra og gera tillögur um ný verkefni.
- Hins vegar væri ástæða til að rýna betur yfirstandandi verkefni með það í huga að bæta þau. Þá væri umhugsunarvert að lítið færi fyrir umhverfisþætti ferðamála í yfirstandandi verkefnum. Ástæða væri til að koma þessu á framfæri í ráðgjöf nefndarinnar til FMS .
- Hugmyndir nefndarinnar um ný verkefni væru fyrst og fremst hugmyndabanki sem þyrfti að vinna betur áður en unnt væri að veita ákveðnari ráðgjöf. Ef til kæmi og FMS teldi sig hafa svigrúm fyrir ný verkefni síðar á árinu væri unnt að fara í þá vinnu. Á þessari stundu væri það ekki tímabært.
- All margar umsóknir komu um að framkvæma þau þrjú rannsóknarverkefni sem auglýst voru. Í því ljósi var talið sjálfsagt að auglýsa einnig eftir framkvæmdaraðilum á yfirstandandi langvarandi verkefnum, þegar gildandi samningar um framkvæmd þeirra rynnu út.
- Formanni falið að gera fyrstu drög að ráðgjöf nefndarinnar, sem nefndarmenn gætu síðan gert breytingartillögur við. Talið hentugast að vinna þá vinnu í Google Docs eða Teams.
- Rætt um mikilvægi þess að nefndin veitti ráðgjöf til FMS um umsjón verkefna, eftirlit með gæðum þeirra og mat á afurðum þeirra. Skiptar skoðanir. Sumir töldu þetta utan verksviðs nefndarinnar. Aðrir töldu þetta afar mikilvægt atriði í rannsóknarstarfinu sem sjálfsagt væri að nefndin á grunni sinnar sérfræði veitti FMS ráðgjöf um.
- Rætt um mikilvægi þess að rannsóknarverkefni nýttust fyrir gerendum í ferðabjónustunni (fyrirtækin og hið opinbera). Rannsóknir gætu tæpast talist hagnýtar ef niðurstöður þeirra skiluðu sér ekki skilmerkilega til þessara gerenda. Þetta gerðist

ekki sjálfkrafa og þyrfti því að vinna að þessu. Fram kom að þessi þáttur, þ.e. hagnýtt gildi og miðlun niðurstaðna, ætti að vera skýr þáttur í öllum verkefnum.

3. HK óskaði eftir að fram kæmi í fundargerð að hún teldi að ráðgefandi nefndinn hafi ramma að vinna eftir sem tiltekinn væri í reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála. Vísaði hún hvað þetta snertir í 5. gr. reglugerðarinnar.
4. Fundi slitið kl. 14:55